



PÓSTURINN

# Ársreikningur 2023

Íslandspóstur ohf.

**Íslandspóstur ohf.**  
Ársreikningur  
2023

Íslandspóstur ohf.  
Höfðabakka 9D  
110 Reykjavík  
kt. 701296-6139

# Íslandspóstur ohf.

## Ársreikningur

### 2023

#### **Efnisyfirlit**

Skýrsla stjórnar og forstjóra	2-4
Áritun Ríkisendurskoðunar	5-6
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	7
Efnahagsreikningur	8
Yfirlit um eigið fé	9
Yfirlit um sjóðstreymi	10
Skýringar	11-29
<i>Óendurskoðaðir viðaukar</i>	30-38

# Skýrsla stjórnar og forstjóra

Ársreikningur Íslandspóstshöfudings ehf. fyrir árið 2023 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur laga um ársreikninga.

## Aðalstarfsemi félagsins

Tilgangur félagsins er að veita hvers konar pósthjónustu á grundvelli laga og reglugerða sem þar um gilda. Íslandspóstur ehf. gegnir veigamiklu hlutverki í því að tengja fólk, fyrirtæki og samfélög með því að miðla mikilvægum upplýsingum, gögnum og vörum til allra landsmanna hvar sem þeir eru á landinu.

Í lok ársins var einn hluthafi í félaginu. Af fimm meðlimum stjórnar eru þrjár konur og tveir karlar.

## Helstu tölur (fjárhæðir í þúsundum króna):

Hagnaður félagsins á árinu samkvæmt rekstrarreikningi nam .....	18.998
Eignir félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi námu .....	6.174.758
Bókfært eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam .....	3.618.643
Eiginfjárhlutfall félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam .....	58,6%
Fjöldi ársverka á árinu nam .....	472

Hagnaður Íslandspóstshöfudings 2023 nam tæpum 19 millj. kr. samanborið við hagnað upp á 37 millj. kr. árið áður. EBITDA hlutfall ársins var 8% samanborið við 7% 2022. Hagnaðarhlutfall félagsins var 0,3% en 2022 var hlutfallið 0,5%. Veltufjárhlutfall Íslandspóstshöfudings úr því að vera 1,16 árið 2022 í 1,09 í árslok 2023. Arðsemi eigin fjár er 0,5% en var 1,0% í árslok 2022.

## Þróun á starfsemi félagsins og fjárhagslegri stöðu

Fjögur ár hafa liðið frá því að einkaréttur á 0-50 g bréfasendingum var formlega afdnuminn með lögum. Íslandspóstur hefur því eingöngu starfað á samkeppnismörkuðum undanfarin ár.

Fulltrúar framkvæmdarvaldsins með samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og Póst- og fjarskiptastofnun í fararbroddi útnefndu Íslandspóst alþjónustuveitanda með ákvörðun sinni nr. 13/2020. Ákvörðun þessi er tímabundin til allt að tíu ára. Íslandspóstur hafði hins vegar á árinu 2020 starfað sem útnefndur alþjónustuveitandi á grundvelli bráðabirgðaákvörðunar Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 29/2019. Skylda Íslandspóstshöfudings til að veita alþjónustu um land allt, dags. 11. desember 2019. Báðar ákvarðanir lögðu þá skyldu á félagið að uppfylla alþjónustuloforð nýju laganna á öllu landinu, í öllum flokkum alþjónustu, en það eru bréf, magnpóstur, pakkar allt að 10 kg, ábyrgðarsendingar, tryggðar sendingar og blindrasendingar allt að 2 kg.

Íslandspóstur hefur þar af leiðandi fjögurra ára reynslu af því að starfa samkvæmt nýju lögnum og þeim skyldum sem lagðar voru á félagið með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Í fyrrnefndri ákvörðun nr. 29/2019 var þess krafist að félagið héldi uppi ákveðnu þjónustustigi um land allt, þ.m.t. á svæðum þar sem markaðsforsendur voru af hálfu Póst- og fjarskiptastofnunar ekki taldar fyrir hendi.

Fyrri hluta árs 2023 var óskað eftir því við Bygðastofnun að útnefningu Íslandspóstshöfudings sem alþjónustuveitanda yrði breytt og féllst stofnunin á það með ákvörðun sinni nr. Á-14/2023. Var útnefningunni breytt á þann veg að felld var niður að stórum hluta þjónustuskylða félagsins að því er varðar dreifingu á pökkum undir 10 kg alls staðar á landinu, sbr. ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 13/2020. Áfram er í gildi skylda til að veita þjónustu í dreifbýli, sem í grunninn eru þeir hlutar landsins sem þjónað hefur verið með landpóstum. Eftir þessar breytingar tekur þjónustuskyldan til dreifingar á pökkum til um 11.000 heimila og fyrirtækja. Samhliða var gerð breyting á skilgreiningum á virkum og óvirkum markaðssvæðum vegna bréfadreifingar. Breytingin felst í því að frá 1. janúar 2024 eru 63,6% landsins á virkum markaðssvæðum en 36,4% á óvirkum markaðssvæðum.

Eins og kunnugt er hefur magn almennra bréfa dregist saman um rúmlega 80% á undanföllum árum. Líklega er því ekki ofsagt að um algjört hrun sé að ræða í einum af megintekjustraumum félagsins. Þessar breytingar hafa á undanföllum árum kallað á margvíslegar hagræðingaraðgerðir á hverju ári þar sem Íslandspóstur hefur jafnt og þétt dregið úr umsvifum sínum í takt við fækkun bréfa. Árið 2023 var engin undantekning hvað þetta varðar og voru t.d. gerðar breytingar á afgreiðslunetinu, sem er einn af stærstu kostnaðarliðunum í rekstrinum. Í staðinn var skyldubundin þjónusta leyst með uppsetningu póstboxa og póstbílaþjónustu. Erlendum og innlendum sendingum fækkaði á milli ára enda hafa verðbólga, hækkun verðlags og vaxtahækkningar áhrif á kauphegðun viðskiptavina og mikil samkeppni ríkir á mörkuðum hérlendis sem erlendis.

## Skýrsla stjórnar og forstjóra

Á árinu var gerð tilraun með dreifingu óskráðra bréfa í póstbox á Kópaskeri og er stefnt að því að kynna niðurstöður úr því verkefni fljótlega. Hins vegar verður það ávallt að einhverju leyti pólitískt álitamál hver skilgreind lágmarkspjónusta eigi að vera, sem og útfærsla hennar. Dreifing á almennum bréfum í póstbox gæti gengið í dag í sumum af minni þéttbýlisstöðum landsins og þá sem leið til að draga úr dreifingarkostnaði og auka hagkvæmni þjónustunnar. Ekki er hins vegar ennþá kominn sá tími að hægt sé að dreifa öllum bréfum sem afhent eru í þéttbýli í gegnum póstbox. Í dreifibýli gilda hins vegar mögulega önnur sjónarmið þar sem vegalengdir að næsta byggðarkjarna eða ákjósanlegum stöðum fyrir póstbox geta hlaupið á hundruðum kílómetra. Það er hins vegar í höndum stjórnvalda að taka ákvarðanir um mögulegt þjónustustig, innan alþjónustu, t.d. um mögulegar vegalengdir sem íbúar þurfa að fara til að nálgast póstþjónustu.

Fjárfestingar félagsins hafa m.a. miðað að því að þróa tækni sem gerir viðskiptavinum kleift að eiga gagnvirk viðskipti við félagið. Póstboxavæðing er liður í að fjölga afhendingar- og móttökustöðum pósts um allt land. Í árslok hafði þeim fjölgað úr 112 í 130. Auk þess er aðgengi allan sólarhringinn að sendingum í póstboxum í stað þess að einskorðast við opnunartíma mannaðra starfsstöðva. Áfram verður unnið að því að þróa og bæta þær þjónustuleiðir sem viðskiptavinum standa til boða. Aukin áhersla verður lögð á nýjar afhendingar- og móttökuleiðir, ásamt frekari vinnu við sjálfvirknivæðingu. Það ætti að draga enn frekar úr kostnaði til framtíðar.

Gagnadrifnar ákvarðanir hafa verið helsta áherslumál Íslandspósts undanfarin ár. Gögn berast um sendingar jafnóðum og þær eru póstagðar erlendis. Þau eru nýtt til að ljúka tollafgreiðslu áður en sendingarnar koma til landsins. Þær eru afhentar um leið og greiðsla berst frá viðskiptavinum. Hraði sendinga hefur því stóraukist en þannig eru 92% erlendra sendinga afhentar á höfuðborgarsvæðinu daginn eftir að þær koma til landsins. Hlutfallið á landsbyggðinni er 75%.

Aðgerðir stjórnenda til að laga reksturinn að breyttum markaðsaðstæðum hafa leitt til þess að Íslandspóstur er betur í stakk búinn að mæta áskorunum í rekstri. Lykilmælikvarðar sem notaðir eru við stjórn fyrirtækisins skila góðum rekstri.

Árið 2023 voru stigin margvísleg skref í átt að sjálfbærni með það að leiðarljósi að sjálfbærni verði samofin menningunni. Unnið var að fjölbreyttum verkefnum tengdum umhverfismálum til að draga úr kolefnislosun af starfsemi, í samræmi við umhverfis- og loftslagsstefnu og aðgerðaáætlun sem henni fylgir. Einnig er höfð hliðsjón af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Á árinu var umgjörð sjálfbærnimála styrkt og nýtt sjálfbærniaráð stofnað. Unnið var að tvöfaldri mikilvægisgreiningu og hagaðilagreiningu uppfærð. Þá var í fyrsta sinn safnað upplýsingum samkvæmt flokkunarkerfi ESB (EU Taxonomy) og eru þær birtar í viðauka. Loks gerðist Íslandspóstur aðili að alþjóðlegu sjálfbærnisamstarfi póstoffirtækja, IPC SMMS (International Postal Corporation Sustainability Measurement & Management System). Nánar er fjallað um flokkunarkerfi ESB og aðrar ófjárhagslegar upplýsingar í viðaukum við ársreikning.

Íslandspóstur minntist 150 ára afmælis frímerkisins með útgáfu smáarkar sem inniheldur fjögur sjálfhlímandi frímerki með verðgildinu 50 g og 100 g til Evrópu og 50 g og 100 g utan Evrópu. Myndefni frímerkjanna eru vísanir í fjölbreytileika íslenskrar náttúru. Þau sýna samspil elds og íss og óviðjafnanlegar andstæður í landslagi og loftjúpi jarðar.

Gæðakerfið gengur út á að unnið sé eftir samræmdum ferlum, frávík séu greind, umbætur gerðar og kerfið allt rýnt reglulega. Sífelld er verið að reyna að koma auga á veikleika í starfsemi og bregðast við þeim, draga úr hvers konar sóun og stuðla þannig að sjálfbærni starfseminnar. Það skilar sér einnig í hagkvæmari rekstri.

### Stjórnarhættir

Stjórn Póstsins leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og hefur til hliðsjónar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands og starfar í samræmi við eigandastefnu ríkisins, samþykktir félagsins og starfsreglur sem stjórn hefur sett sér. Í reglum er meðal annars að finna skilgreiningu á valdsviði og verkaskiptingu stjórnar, ákvæði um hæfi stjórnarmanna, reglur um þagnaskyldu og fleira.

Innra eftirlit felur í sér reglubundnar aðgerðir og ráðstafanir hlutaðeigandi aðila til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna og áreiðanleika upplýsinga til að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum. Innra eftirlit er byggt á COSO þar sem það er brotið niður í eftirlitsumhverfi, áhættumat, eftirlitsaðgerðir, upplýsingar og samskipti og vöktun innra eftirlits. Allt þetta er unnið í því skyni að Íslandspóstur nái markmiðum sínum.

Stjórn félagsins leggur til að hagnaður ársins verði yfirfærður til næsta árs, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

# Skýrsla stjórnar og forstjóra

## Yfirlýsing undirritaðra

Samkvæmt bestu vitneskju minni er ársreikningur þessi saminn í samræmi við alþjóðlega reikningssskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur laga um ársreikninga. Ársreikningurinn gefur glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu félagsins. Skýrsla stjórnar geymir glögg yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri Íslandspósts og stöðu félagsins og lýsir helstu áhættu- og óvissuþáttum sem félagið stendur frammi fyrir.

Stjórn og forstjóri Íslandspósts ohf. hafa í dag rætt um ársreikning félagsins fyrir árið 2023 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 26. febrúar 2024

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir,  
formaður stjórnar

Auður Björk Guðmundsdóttir,  
varaformaður stjórnar

Baldvin Ólason  
meðstjórnandi

Gísli Brynjólfsson  
meðstjórnandi

Guðný Hrund Karlsdóttir  
meðstjórnandi

Þórhildur Ólöf Helgadóttir  
forstjóri

# Áritun Ríkisendurskoðunar

Til stjórnar og hluthafa Íslandspóstshöfðingis ehf.

## Álit

Ársreikningur Íslandspóstshöfðingis ehf. fyrir árið 2023 er endurskoðaður samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um eigið fé, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að ársreikningurinn sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu Íslandspóstshöfðingis ehf. 31. desember 2023, afkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og lög um ársreikninga.

## Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð ríkisendurskoðanda hér á eftir. Ríkisendurskoðandi er óháður Íslandspósti ehf. og starfar í samræmi við lög nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI). Skrifstofa ríkisendurskoðanda nefnist Ríkisendurskoðun og fer hann með stjórn hennar. Ríkisendurskoðandi telur að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum.

## Aðrar upplýsingar

Að álit Ríkisendurskoðunar koma fram í skýrslu stjórnar þær upplýsingar sem þær ber að veita í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, og koma ekki fram í skýringum.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri (stjórnendur) eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótakröfur í lögum um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Íslandspóstshöfðingis ehf. og setja inn skýringu ef þess er þörf. Ef við á skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendu um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreiknings, nema stjórnendur hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hættu starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að leysa félagið upp.

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið ríkisendurskoðanda er að aflað sé nægjanlegar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum. Nægjanleg vissu er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

## Áritun Ríkisendurskoðunar

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Einnig framkvæmir Ríkisendurskoðun eftirfarandi:

- > Greinir og metur hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, endurskoðunaraðgerðir skipulagðar og framkvæmdar til að bregðast við þeirri hættu og aflað endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá reglum innra eftirlits.
- > Aflar skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggi viðunandi árangur.
- > Metur hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- > Ályktar um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og á grundvelli endurskoðunarinnar leggur mat á hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef endurskoðunin leiðir í ljós að talið sé að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreiknings áritun Ríkisendurskoðunar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarf að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Engu að síður geta aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- > Metur í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metur framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Ríkisendurskoðun ber að upplýsa stjórn félagsins um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 26. febrúar 2024

Guðmundur Björgvin Helgason  
ríkisendurskoðandi



## Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrartekjur .....	5	5.719.115	5.974.518
Aðrar tekjur .....		1.389.889	1.193.788
		<u>7.109.004</u>	<u>7.168.305</u>
Laun og annar starfsmannakostnaður .....	6	(4.521.506)	(4.568.476)
Beinn kostnaður við póstdreifingu .....		(1.292.202)	(1.284.994)
Annar rekstrarkostnaður .....		(725.658)	(693.584)
Kostnaður vegna endurskipulagningar .....		(13.790)	(128.092)
		<u>(6.553.155)</u>	<u>(6.675.146)</u>
<b>Rekstrarafkoma fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta / EBITDA</b>		<u>555.849</u>	<u>493.159</u>
Afskriftir fastafjármuna .....	8	(472.590)	(482.746)
<b>Rekstrarhagnaður</b>		<u>83.259</u>	<u>10.413</u>
Fjármunatekjur .....		56.598	45.811
Fjármagnsgjöld .....		(115.581)	(82.556)
Gengismunur .....		(5.951)	60.302
	9	<u>(64.934)</u>	<u>23.557</u>
Tekjuskattur .....	10	673	2.726
<b>Hagnaður og heildarafkoma ársins</b>		<u>18.998</u>	<u>36.696</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2023

<b>Eignir</b>	<b>Skýr.</b>	<b>31.12.2023</b>	<b>31.12.2022</b>
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	11	3.535.551	3.369.001
Óefnislegar eignir .....	12	305.000	226.919
Leigueignir .....	17	528.969	554.439
Langtímakröfur og skuldabréfaeign .....	13	197.544	183.355
Eignarhlutir í félögum .....	14	46.170	46.190
Tekjuskattsinneign .....	20	107.279	106.606
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<b>4.720.513</b>	<b>4.486.511</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Vörubirgðir .....	16	113.437	109.573
Viðskiptakröfur .....	15	970.453	1.173.362
Aðrar skammtímakröfur .....		209.285	133.908
Handbært fé .....		131.520	372.370
Fastafjármunir til sölu .....	11	29.551	0
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<b>1.454.245</b>	<b>1.789.212</b>
<b>Eignir samtals</b>		<b>6.174.758</b>	<b>6.275.723</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Hlutafé .....	18	2.947.500	2.947.500
Lögbundinn varasjóður .....		383.504	382.554
Próunarkostnaður .....		103.644	53.903
Óráðstafað eigið fé .....		183.996	215.687
<b>Eigið fé samtals</b>		<b>3.618.643</b>	<b>3.599.645</b>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....	19	738.436	625.525
Leiguskuldbinding .....	17	487.663	504.615
<b>Langtímaskuldir samtals</b>		<b>1.226.098</b>	<b>1.130.141</b>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....		483.602	473.489
Næsta árs afborgun við lánastofnanir .....	19	23.496	27.699
Næsta árs afborganir leiguskuldbindingar .....	17	82.413	83.041
Aðrar skammtímaskuldir .....	21	740.506	961.708
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>		<b>1.330.017</b>	<b>1.545.937</b>
<b>Skuldir alls</b>		<b>2.556.115</b>	<b>2.676.078</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>6.174.758</b>	<b>6.275.723</b>

## Yfirlit um eigið fé ársins 2023

	Skýr.	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Þróunar- kostnaður	Óráðstafað (ójafnað) eigið fé	Samtals
<b>2022</b>						
1. janúar 2022 .....		2.947.500	380.719	0	234.730	3.562.949
Lagt í lögbundinn varasjóð .....			1.835		(1.835)	
Eignfærður þróunarkostnaður .....				53.903	(53.903)	
Hagnaður ársins .....					36.696	36.696
1. janúar 2023 .....		2.947.500	382.554	53.903	215.687	3.599.645
Eignfærður þróunarkostnaður .....				49.740	(49.740)	
Hagnaður ársins .....					18.998	18.998
31. desember 2023 .....	18	2.947.500	383.504	103.644	183.996	3.618.643

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður ársins .....		18.998	36.696
Rekstrarliðir sem hreyfa ekki handbært fé:			
Afskriftir .....	8	472.590	482.746
Söluhagnaður eigna .....		3.959	(31.229)
(Hreinar fjármunatekjur) / Hrein fjármagnsgjöld .....		64.913	(23.584)
Hlutdeild í afkomu dótturfélags .....		20	27
Tekjuskattur .....	10	(673)	(2.726)
Lækkun skuldbindinga .....		(104)	(152)
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta .....		559.704	461.779
Vörubirgðir (hækkun), lækkun .....		(3.865)	10.207
Aðrar rekstartengdar eignir, lækkun, (hækkun) .....		91.657	(101.120)
Rekstartengdar skuldir (lækkun), hækkun .....		(139.167)	242.099
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta .....		508.329	612.965
Innborgaðir vextir .....		37.326	21.799
Greiddir vextir .....		(13.576)	(742)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>532.079</b>	<b>634.023</b>
Keyptar óefnislegar eignir .....	12	(170.577)	(99.297)
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir .....		(611.577)	(348.972)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir .....		30.105	40.398
Afborganir skuldabréfa .....		588	539
Innborgaður arður .....	9	21.732	22.635
Seldir eignarhlutar í hlutdeildarfélögum .....		0	7.153
		(729.730)	(377.543)
Afborganir langtímaskulda .....		(122.611)	(526.776)
Afborganir vaxtagjalda af langtímaláni .....		(75.114)	(51.563)
Afborganir af leiguskuldbindingu .....	17	(88.526)	(98.859)
		(50.906)	(677.198)
Lækkun handbærs fjár .....		(248.557)	(420.718)
Handbært fé í upphafi árs .....		372.370	788.119
Gengismunur handbærs fjár .....		7.707	4.969
Handbært fé í lok árs .....		131.520	372.370
<b>Fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar án greiðsluáhrifa</b>			
Uppgreidd eldri langtímalán með útgáfu nýs skuldabréfs .....			1.200.000

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Íslandspóstur ohf. (félagið) er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995, um hlutafélög.

Íslandspóstur ohf. er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Höfðabakka 9D, 110 Reykjavík.

Í árslok 2023 á félagið eitt dótturfélag, Trönur ehf. en enginn rekstur er í dótturfélaginu. Eignarhlutur Íslandspósts í dótturfélaginu er óverulegur í árslok og þar af leiðandi er ekki gerð samstæða.

Stjórn félagsins og forstjóri staðfestu ársreikninginn með undirritun sinni þann 26. febrúar 2024.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs nema í eftirfarandi tilfellum:

- Eignarhlutur í dótturfélagi er færður með hlutdeildaraðferð.

Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna, nema annað sé tekið fram.

## 3. Innleiðing á nýjum og endurskoðuðum alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS).

Félagið hefur tekið upp alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, breytingar á þeim og túlkanir sem gilda fyrir reikningsskilatímabil er hófst 1. janúar 2023, sem Evrópusambandið hefur staðfest og eiga við um starfsemi þess. Félagið hefur ekki tekið upp staðla, breytingar á stöðlum eða túlkanir í útgáfu sem taka gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast síðar, en heimilt er að taka upp fyrr. Áhrif annarra staðla, breytinga og túlkana í útgáfu sem ekki hafa tekið gildi eru að mati stjórnenda engin eða óveruleg fyrir reikningsskil félagsins.

### IFRS 16 Leigusamningar

Samstæðan innleiddi á árinu IFRS 16 Leigusamningar í reikningsskil sín. Staðallinn setur fram nýjar kröfur um reikningsskil vegna leigusamninga. Miklar breytingar eru á reikningsskilaaðferðum leigutaka þar sem ekki er lengur greint á milli fjármögnunarleigu og rekstrarleigu, heldur er þess krafist að færð verði leiguskuldbinding og nýtingaréttur til eignar vegna allra leigusamninga. Aðeins eru gerðar undantekningar fyrir skammtímaleigu (til skemmri tíma en 12 mánaða) og fyrir leigueignir með lágt virði. Litlar breytingar eru frá fyrri reglum fyrir reikningsskilaaðferðir leigusala. Nýjum reikningsskilaaðferðum er lýst í skýringu nr. 24. Áhrifum af innleiðingu IFRS 16 á ársreikninginn er lýst hér að neðan.

Samstæðan beitir afturvirkri innleiðingu að hluta, þannig að samanburðartölur eru ekki endurgerðar og uppsöfnuð áhrif vegna innleiðingarinnar eru færð á eigið fé við innleiðingu 1. janúar 2019. Félagið nýtir sér undanþágu staðalsins frá endurflokkun samninga sem hafa verið skilgreindir sem leigusamningar samkvæmt IAS 17 og IFRIC 4 fyrir innleiðingardag. Kröfum IFRS 16 er þannig við innleiðingu beitt á leigusamninga sem voru flokkaðir sem slíkir á innleiðingardegi.

Með innleiðingu IFRS 16 þá breytist eðli gjalda sem tengjast rekstrarleigusamningum þar sem félagið færir nú afskriftir af nýtingarrétti og vaxtagjöld af leiguskuld, en hafði áður gjaldfært leigugreiðslur á meðal rekstrargjalda línulega á líftíma samninganna. Áhrif á reikningsskilin eru hærri hagnaður ársins 2019 sem nemur 5,8 millj. kr. vegna styttingar leigusamninga. Áhrif á einstaka liði rekstrarreiknings eru eftirfarandi: Hækkun afskrifta um 117 millj. kr., hækkun vaxtagjalda um 17,4 millj. kr. og lækkun rekstrargjalda um 140,2 millj. kr.

Á innleiðingardegi 1. janúar 2019 færði félagið leiguskuldbindingu að fjárhæð 292,6 millj. kr. og nýtingarétt að fjárhæð 274,2 millj. kr. í efnahagsreikning.

Samkvæmt IAS 17 voru allar greiðslur vegna rekstrarleigu sýndar meðal rekstrarhreyfinga í sjóðstreymi. Áhrif innleiðingar IFRS 16 á sjóðstreymi eru hækkun handbærs fjár frá rekstri um 140,2 millj. kr. og lækkun á handbæru fé vegna fjármögnunarhreyfinga um sömu upphæð.

## Skýringar

### 4. Mat og ákvarðanir

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Reikningshaldslegt mat og undirliggjandi forsendur eru byggðar á sögulegum gögnum og öðrum viðeigandi þáttum. Endanleg niðurstaða kann að vera frábrugðin þessu mati.

Reikningshaldslegt mat og undirliggjandi forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrif breytinga á reikningshaldslegu mati eru færð á því tímabili sem matið er endurskoðað og síðari tímabilum ef við á.

Upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir þar sem mat stjórnenda og reikningsskilaaðferðir hafa mest áhrif á skráðar fjárhæðir eigna og skulda í ársreikningnum er að finna í eftirfarandi skýringum:

- Skýring 11 - mat á líftíma varanlegra rekstrarfjármuna
- Skýring 12 - mat á líftíma óefnislegra eigna
- Skýring 13 - mat á niðurfærslu langtímakrafna

### 5. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	2023	2022
Innlendar pósttekjur .....	4.440.372	4.626.192
Tekjur vegna alþjónustubyrði .....	486.780	664.995
Erlendar pósttekjur .....	791.962	683.330
	<u>5.719.115</u>	<u>5.974.518</u>

Íslandspóstur var útnefndur með skyldu til að veita alþjónustu á sviði póstpjónustu um allt land af eftirlitsaðila póstpjónustu á Íslandi. Sem alþjónustuveitanda ber Íslandspósti að veita vissa þjónustu á öllu landinu (alþjónustu), og er Íslandspósti gert að haga verðlagningu, tíðni og gæðum í samræmi við kröfur laga og stjórnvaldsfyrirmæla. Greiðsluskylda íslenska ríkisins vegna þjónustunnar takmarkast við skilgreind óvirk markaðssvæði, um 15% af landinu og fyrir dreifingu blindrasendinga um allt land.

Í samræmi við ákvörðun Byggðastofnunar, nr. Á-1/2024, þá hefur Íslandspósti verið ákvarðað endurgjald vegna hreins kostnaðar fyrir veitta þjónustu fyrir allt árið 2023, samtals 486,8 millj. kr.

Ofangreint endurgjald vegna alþjónustubyrðar eru færðar meðal rekstrartekna og er á meðal viðskiptakrafna, alls 486,8 millj. kr. í árslok 2023, eða um 58% af viðskiptakröfum félagsins.

Engar greiðslur inn á viðskiptakröfu félagsins hafa borist frá Ríkissjóði Íslands fyrir þá dagsetningu þegar stjórn félagsins og forstjóri staðfestu ársreikning 2023.

### 6. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2023	2022
Laun .....	3.575.317	3.651.259
Lífeyrissjóður .....	490.712	471.290
Önnur launatengd gjöld .....	330.443	320.277
Annar starfsmannakostnaður .....	<u>125.034</u>	<u>125.650</u>
Laun og annar starfsmannakostnaður .....	<u>4.521.506</u>	<u>4.568.476</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	472	513

Heildarlaun og móttframlag í lífeyrissjóð til forstjóra Íslandspósts ohf. námu á árinu 2023 um 37 millj. kr. samanborið við 33,4 millj. kr. árið 2022. Heildarlaun og móttframlag í lífeyrissjóð til stjórnar félagsins og stjórnenda, utan forstjóra, á árinu 2023 námu um 137,7 millj. kr. en árið á undan nam þessi liður um 139 millj. kr.

Félagið hefur skuldbundið sig til að greiða viðbótarframlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem nemur 6% af mismun heildarlauna og viðmiðunarlauna þeirra starfsmanna sem nýta sér rétt til greiðslu iðgjalda í sjóðinn meðan þeir starfa hjá félaginu.

## Skýringar

### 7. Þóknun til endurskoðanda

Þóknun til Ríkisendurskoðunar greinist þannig:

	2023	2022
Endurskoðun ársreiknings .....	7.359	8.855
Könnun árs hlutareiknings .....	3.648	2.663
	<u>11.007</u>	<u>11.518</u>

### 8. Afskriftir

Afskriftir greinast þannig:

	2023	2022
Afskriftir rekstrarfjármuna samanber skýring nr. 11 .....	310.256	325.478
Afskriftir óefnislegra eigna samanber skýring nr. 12 .....	92.497	81.718
Afskriftir leigueigna samanber skýring nr. 17 .....	69.837	75.551
	<u>472.590</u>	<u>482.746</u>

### 9. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:

	2023	2022
Arður af hlutabréfaeign .....	21.732	22.635
Aðrar vaxtatekjur .....	34.887	23.203
Hlutdeildarafkoma dótturfélaga .....	(20)	(27)
	<u>56.598</u>	<u>45.811</u>

Fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum .....	(74.137)	(50.999)
Vaxtagjöld af fjármögnunarleigusamningum .....	(26.579)	(27.350)
Dráttarvaxtagjöld .....	(696)	(742)
Dráttarvaxtagjöld vegna biðlauna .....	(11.455)	0
Önnur vaxtagjöld .....	(2.715)	(3.465)
	<u>(115.581)</u>	<u>(82.556)</u>

Gengismunur af fjáreignum og fjárskuldum greinist þannig:

Gengishagnaður/- (tap)	(5.951)	60.302
	<u>(64.934)</u>	<u>23.557</u>

## Skýringar

### 10. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur tekjufærð fjárhæð í rekstrarreikningi 0,6 millj. kr. (2022: tekjufærð fjárhæð 2,7 millj. kr.). Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts á árinu 2024 þar sem tekjuskattsstofn félagsins er neikvæður vegna uppsafnaðs taps fyrri ára.

Virkur tekjuskattur greinist þannig:	2023		2022	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður fyrir skatta .....	18.325		33.971	
Skatthlutfall .....	(3.665)	-20,0%	(6.794)	-20,0%
Fenginn arður .....	4.346	23,7%	4.527	13,3%
Hlutdeild í afkomu dótturfélags .....	(4)	0,0%	(5)	0,0%
Ófrádráttarbær kostnaður .....	(4)	0,0%	(4)	0,0%
Aðrir liðir .....	0	0,0%	5.002	14,7%
Reiknaður tekjuskattur .....	673	3,7%	2.726	8,0%

### 11. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir og lóðir	Áhöld, tæki og bifreiðar	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>			
Staða 1. janúar 2022 .....	4.477.320	3.070.434	7.547.754
Eignfært á árinu .....	33.678	403.845	437.523
Selt og aflagt á árinu .....	(57.072)	(141.309)	(198.381)
Staða 1. janúar 2023 .....	4.453.925	3.332.970	7.786.895
Endurflokkun á milli flokka .....	1.817	(1.817)	0
Eignfært á árinu .....	38.140	502.281	540.421
Fært meðal eigna flokkaðra til sölu .....	(63.369)	0	(63.369)
Selt og aflagt á árinu .....	(18.616)	(241.951)	(260.567)
Staða 31. desember 2023 .....	4.411.898	3.591.483	8.003.380
<b>Afskriftir</b>			
Staða 1. janúar 2022 .....	1.935.916	2.327.950	4.263.866
Afskrift ársins .....	159.365	166.113	325.478
Selt og aflagt á árinu .....	(48.487)	(122.963)	(171.449)
Staða 1. janúar 2023 .....	2.046.794	2.371.100	4.417.894
Afskrift ársins .....	126.446	183.810	310.256
Fært meðal eigna flokkaðra til sölu .....	(33.818)	0	(33.818)
Selt og aflagt á árinu .....	(18.616)	(207.887)	(226.503)
Staða 31. desember 2023 .....	2.120.806	2.347.023	4.467.829
<b>Bókfært verð</b>			
Bókfært verð 1. janúar 2022 .....	2.541.404	742.484	3.283.888
Bókfært verð 31. desember 2022 .....	2.407.131	961.870	3.369.001
Bókfært verð 31. desember 2023 .....	2.291.092	1.244.460	3.535.551
Afskriftarhlutföll .....	0-4%	10-33%	

Á árinu var fasteign félagsins að Bæjartúni 5, Ólafsvík, sett á sölu. Í fasteigninni var áður rekið pósthús en því var lokað á árinu. Eignin er færð meðal veltufjármuna á afskrifuðu kostnaðarvirði, alls 29,6 millj. kr., þar sem það er talið lægra en gangvirði fasteignarinnar.



## Skýringar

### 11. Varanlegir rekstrarfjármunir (frh.)

Á eignum félagsins hvíla tryggingabréf og skuldabréf til tryggingar eftirstöðva skulda að fjárhæð 762 millj. kr. Allar fasteignir félagsins eru veðsettar.

Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok:

	Fasteignamat	Vátryggingamat	Bókfært verð
Fasteignir og lóðir .....	2.827.720	5.161.085	2.291.092
Áhöld, tæki og bifreiðar, eignatryggingar .....		2.203.103	1.244.460

Meðal fasteigna og lóða félagsins er eignarlóð félagsins á Stórhöfða 32, Reykjavík, en lóðarmat hennar er 240 millj. kr.

### 12. Óefnislegar eignir

	Hugbúnaður
<b>Kostnaðarverð</b>	
Staða 1. janúar 2022 .....	708.680
Eignfært á árinu .....	99.297
Staða 1. janúar 2023 .....	807.977
Eignfært á árinu .....	170.577
Staða 31. desember 2023 .....	978.554
<b>Afskriftir</b>	
Staða 1. janúar 2022 .....	499.340
Afskrift ársins .....	81.718
Staða 1. janúar 2023 .....	581.057
Afskrift ársins .....	92.497
Staða 31. desember 2023 .....	673.555
<b>Bókfært verð</b>	
Bókfært verð 1. janúar 2022 .....	209.340
Bókfært verð 31. desember 2022 .....	226.919
Bókfært verð 31. desember 2023 .....	305.000
Afskriftarhlutföll .....	20-33%

## Skýringar

### 13. Langtímakröfur og skuldabréfaeign

	2023	2022
Staða í ársbyrjun .....	420.650	420.950
Viðbætur .....	679.314	580.065
Innborganir á árinu .....	(641.669)	(580.365)
Staða í árslok .....	458.296	420.650
Niðurfærsla langtímakrafna .....	(103.628)	(151.127)
Staða langtímakrafna .....	354.668	269.524
Skammtímahluti langtímakrafna .....	(157.123)	(86.169)
Staða í árslok .....	197.545	183.355

31.12.2023

	Vænt útlánatap	Brúttó virði	Vænt útlánatap	Bókfært verð
Erlendar viðskiptakröfur 2023 .....	12%	363.744	(43.649)	320.094
Erlendar viðskiptakröfur 2022 .....	45%	56.857	(25.586)	31.271
Erlendar viðskiptakröfur 2021 .....	90%	8.186	(7.367)	819
Erlendar viðskiptakröfur eldra .....	95%	28.448	(27.025)	1.422
Samtals erl. viðskiptakröfur .....		457.234	(103.628)	353.607

31.12.2022

	Vænt útlánatap	Brúttó virði	Vænt útlánatap	Bókfært verð
Erlendar viðskiptakröfur 2022 .....	21%	203.700	(43.010)	160.690
Erlendar viðskiptakröfur 2021 .....	45%	181.042	(81.469)	99.573
Erlendar viðskiptakröfur 2020 .....	90%	22.948	(20.654)	2.295
Erlendar viðskiptakröfur eldra .....	95%	6.310	(5.994)	315
Samtals erl. viðskiptakröfur .....		414.000	(151.127)	262.874

Kröfur á erlend pósthyrirtæki eru flokkaðar meðal fastafjármuna sem langtímakröfur. Um er að ræða kröfur sem myndast við uppgjör endastöðvatekna og -gjalda vegna póstsendinga milli landa. Greiðslur vegna viðskiptanna geta borist allt að tveimur og hálfu ári eftir að krafa myndast. Skuldabréfaeign í árslok 2023 nam 1,0 millj. kr. (2022: 6,6 millj. kr.) þar af koma 0,5 millj. kr. til greiðslu á næsta ári.

Breytingar á niðurfærslu langtímakrafna greinast þannig:	2023	2022
Staða í ársbyrjun .....	(151.127)	(118.819)
Breyting á niðurfærslu langtímakrafna .....	47.499	(32.308)
Staða í árslok .....	(103.628)	(151.127)

Niðurfærsla langtímakrafna er byggð á mati og reynslu stjórnenda.

### 14. Eignarhlutir í félögum

Heiti	Flokkun	Eignarhlutur	2023	2022
Trönur ehf., Reykjavík	Hlutdeild	100%	819	839
Internet á Íslandi hf., Reykjavík	Gangvirði	18,66%	45.351	45.351
			46.170	46.190

## Skýringar

### 15. Viðskiptakröfur

	2023	2022
Viðskiptakröfur .....	990.453	1.193.363
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast .....	(20.000)	(20.000)
	<u>970.453</u>	<u>1.173.362</u>

31.12.2023

	Vænt útlánatap	Brúttó virði	Vænt útlánatap	Bókfært verð
Ógjaldfallnar kröfur .....	1%	966.140	(5.813)	960.327
1-30 daga .....	30%	4.603	(1.381)	3.222
31-60 daga .....	35%	2.830	(991)	1.840
> 61 daga .....	70%	16.879	(11.815)	5.064
Samtals innl. viðskiptakröfur .....		<u>990.453</u>	<u>(20.000)</u>	<u>970.453</u>

31.12.2022

	Vænt útlánatap	Brúttó virði	Vænt útlánatap	Bókfært verð
Ógjaldfallnar kröfur .....	1%	1.180.698	(16.146)	1.164.552
1-30 daga .....	30%	11.591	(3.477)	8.114
31-60 daga .....	35%	1.071	(375)	696
> 61 daga .....	70%	3	(2)	1
Samtals innl. viðskiptakröfur .....		<u>1.193.363</u>	<u>(20.000)</u>	<u>1.173.362</u>

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinast þannig:

	2023	2022
Staða í ársbyrjun .....	(20.000)	(52.308)
Breyting á niðurfærslu viðskiptakrafna .....	(1.260)	30.943
Tapaðar viðskiptakröfur á árinu .....	1.260	1.365
Staða í árslok .....	<u>(20.000)</u>	<u>(20.000)</u>

Niðurfærsla viðskiptakrafna er byggð á mati og reynslu stjórnenda. Viðskiptakröfur eru afskráðar þegar þær eru sannarlega tapaðar samkvæmt lögum nr. 90/2003.

### 16. Vörubirgðir

	2023	2022
Birgðir rekstrar- og söluvara .....	72.903	68.126
Frímerkjabirgðir .....	40.535	41.447
	<u>113.437</u>	<u>109.573</u>

Félagið færir alls 6 millj. kr. (2022: 6 milllj. kr.) vegna niðurfærslu á birgðum. Kostnaðarverð seldra vara nam 20 millj. kr. (2022: 26 millj. kr.).

## Skýringar

### 17. Leigusamningar

Félagið hefur gert leigusamninga um fasteignir sem færðir eru í efnahagsreikning. Upplýsingar um nýtingarrétt vegna leigueigna og leiguskuldbindingu er að finna hér að neðan.

Leigueignir	Fasteignir
Staða 1. janúar 2022 .....	630.159
Verðbætur af leiguskuldbindingu .....	56.167
Breytingar á fyrri samningum .....	(56.335)
Afskriftir .....	(75.551)
Staða 1. janúar 2023 .....	554.439
Verðbætur af leiguskuldbindingu .....	44.366
Breytingar á fyrri samningum .....	0
Afskriftir .....	(69.837)
Staða 31. desember 2023 .....	528.969

Tímalengd samninga 1-11 ár

Meðal leigueigna er leiga á skrifstofuhúsnæði sem er færð á 417,7 millj. kr. Tímalengd samningsins er til ársins 2034 og er án uppsagnarákvæðis.

Upphæðir færðar í rekstrarreikning	2023	2022
Afskriftir af nýtingarrétti .....	69.837	75.551
Vaxtagjöld af leiguskuldbindingu .....	26.579	27.350
Gjaldfært vegna skammtímaleigu .....	54.436	37.818
Samtals gjaldfært á árinu .....	150.851	140.719

Félagið greiddi 143 millj. kr. í húsaleigu (2022: 138 millj. kr).

Leiguskuldir	Fasteignir
Staða 1. janúar 2022 .....	660.223
Verðbætur af leiguskuldbindingu .....	55.278
Viðbætur vegna nýrra samninga .....	0
Breytingar á fyrri samningum .....	(56.335)
Vaxtagjöld á tímabilinu .....	27.350
Leigugreiðslur á tímabilinu .....	(98.859)
Staða 1. janúar 2023 .....	587.657
Verðbætur af leiguskuldbindingu .....	44.366
Breytingar á fyrri samningum .....	0
Vaxtagjöld á tímabilinu .....	26.579
Leigugreiðslur á tímabilinu .....	(88.526)
Næsta árs afborgun leiguskulda færð meðal skammtímaskulda .....	(82.413)
Staða 31. desember 2023 .....	487.663

## Skýringar

### 17. Leigusamningar (frh.)

#### Leiguskuldbinding

Gjalddagagreining - ónúvirt samningsbundið greiðsluflæði	2023	2022
Innan árs .....	83.405	84.654
Eftir ár en innan 5 ára .....	277.744	273.391
5 ár og síðar .....	351.723	387.361
Heildar ónúvirtar leiguskuldir 31. desember	712.872	745.406
Skammtímaskuldir .....	82.413	83.041
Langtímaskuldir .....	487.663	504.615
Leiguskuldir á efnahagsreikningi 31. desember	570.076	587.657

### 18. Eigið fé

Hlutfé

Hlutfé greinist þannig:

	Hlutir	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutfé 31.12.2023 .....	2.947.500	100%	2.947.500

Heildarhlutfé í árslok var 2.947,5 millj. kr., nafnverð hvers hlutar er ein íslensk króna og jafngildir hver króna nafnverðs einu atkvæði.

#### Lögbundinn varasjóður

Samkvæmt lögum um hlutfélög skal félagið binda 25% af nafnverði hlutfjár í varasjóði. Tillag í varasjóð skal nema a.m.k. 10% af hagnaði þar til hlutfall varasjóðs nemur 10% af nafnverði hlutfjár, en eftir það er tillagið a.m.k. 5% af hagnaði þar til hlutfall varasjóðs nemur 25% af nafnverði hlutfjár.

#### Þróunarkostnaður, eignfærður meðal eigin fjár

Í samræmi við 2. mgr. 16. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, ber félögum sem eignfæra þróunarkostnað vegna óefnislegra eigna að færa sömu fjárhæð af óráðstöfuðu eigin fé á sérstakan lið meðal eigin fjár sem óheimilt er að úthluta arði af. Þann lið meðal eigin fjár skal leysa upp til jafns við fjárhæð árlegrar afskriftar eignfærðs þróunarkostnaðar. Einnig skal leysa upp liðinn ef eignin er seld, tekin úr notkun eða fullafskrifuð.

#### Óráðstafað eigið fé

Óráðstafað eigið fé er uppsöfnuð óráðstöfuð afkoma félagsins að frádregnum arðgreiðslum og millifærslum á móti öðrum eiginfjárliðum.

#### Eiginfjárstýring

Þegar ríkið fer með eignarhald í félagi er lögð mikil áhersla á langtímasjónarmið um uppbyggingu og rekstur þess. Jafnframt er lögð áhersla á að félög í eigu þess, sérstaklega þegar þau sinna samkeppnisrekstri, skili ásættanlegri afkomu og tryggi viðhald tekjumyndandi eigna. Í því felst m.a. að ríkissjóður fái eðlilegan arð af eigin fé í samræmi við áhættu rekstrar.

## Skýringar

### 19. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi langtímaskuldir greinast þannig:

	Skuldir við lánastofnanir	
	2023	2022
Óverðtryggðar skuldir í ISK .....	530.613	653.224
Skuldir í EUR .....	106.754	0
Skuldir í USD .....	124.564	0
Næsta árs afb. vaxtaberandi langtímaskulda, skammtímahluti .....	(23.496)	(27.699)
Vaxtaberandi langtímaskuldir í árslok .....	<u>738.436</u>	<u>625.525</u>

Afborganir af vaxtaberandi langtímaskuldum greinast þannig:

	Skuldir við lánastofnanir	
	2023	2022
Afborganir 2024/2023 .....	23.496	27.699
Afborganir 2025/2024 .....	254.814	27.699
Afborganir 2026/2025 .....	23.496	27.699
Afborganir 2027/2026 .....	23.496	27.699
Afborganir 2028/2027 .....	23.496	27.699
Afborganir 2029/2028 .....	23.496	27.699
Afborganir síðar .....	389.638	487.032
	<u>761.931</u>	<u>653.224</u>

Vegnir meðalvextir eru eftirfarandi:

	2023	2022
Skuldir við lánastofnanir.....	10,8%	8,3%

#### Hreyfingar vaxtaberandi langtímaskulda

	2023	2022
Staða 1. janúar.....	653.224	1.180.000
Afborganir.....	(452.611)	(526.776)
Endurfjármögnun.....	565.345	0
Verðbætur/gengismunur.....	(4.027)	0
Staða 31. desember.....	<u>761.931</u>	<u>653.224</u>

Í mars 2023 voru greiddar 98,4 millj. kr. inn á höfuðstól langtímaláns félagsins.

## Skýringar

### 20. Tekjuskattsinnæign

	Inneign / (skuldbinding)	
	2023	2022
Staða í ársbyrjun .....	106.606	103.880
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins .....	673	2.726
Staða í árslok .....	107.279	106.606

Tekjuskattsinnæign/(-skuldbinding) greinist þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:

	2023	2022
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	49.603	40.014
Leiguskuldbinding .....	8.221	6.644
Veltufjáreignir .....	10.237	18.190
Frestaður gengismunur .....	(3.227)	(7.282)
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi .....	42.444	49.040
	107.279	106.606

Yfirfæranlegt skattalegt tap nýtist til frádráttar skattalegum hagnaði í síðasta lagi sem hér segir:

Frá hagnaði ársins 2029 .....	212.219
-------------------------------	---------

### 21. Aðrar skammtímaskuldir

	2023	2022
Virðisaukaskattur .....	51.590	60.251
Fyrirframinnheimtar tekjur .....	104.845	167.257
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	473.859	577.223
Ógreiddir áfallnir vextir .....	1.819	1.506
Aðrar skuldir .....	108.393	155.471
	740.506	961.708

### 22. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar félagsins eru fjármálaráðuneytið, sem fer með alla eignarhluti Íslandspósts ohf., íslenska ríkið, fyrirtæki og stofnanir sem tilheyra því, lykilstjórnendur og þeir sem tengjast þeim nánum fjölskyldutengslum. Lykilstjórnendur félagsins eru þeir sem hafa völd og ábyrgð til þess að skipuleggja, stjórna og hafa eftirlit með rekstri félagsins. Lykilstjórnendur félagsins eru stjórn, forstjóri og framkvæmdastjórn félagsins. Félagið á viðskipti við tengda aðila sína og eru viðskiptin verðlögd eins og um ótengda aðila væri að ræða. Félagið nýtir sér undanþágu skv. IAS 24.25 fyrir félög í ríkiseigu. Vísað er þó til skýringar nr. 5 vegna verulegrar færslu við tengdan aðila.

Eignarhlutir í dótturfélögum eru vegna félagsins Trönur ehf. Um óverulegan eignarhlut er að ræða í árslok 2023.

## Skýringar

### 23. Fjáreignir og fjárskuldir

Fjáreignir	2023	2022
Langtímakröfur og skuldabréfæign .....	197.544	183.355
Eignarhlutir í félögum .....	45.351	45.351
Viðskiptakröfur .....	970.453	1.173.362
Aðrar skammtímakröfur (utan fyrirframgreiðslna) .....	164.606	92.097
Handbært fé .....	131.520	372.370
	<u>1.509.474</u>	<u>1.866.535</u>
<b>Fjárskuldir</b>		
Vaxtaberandi skuldir við lánastofnanir .....	761.931	653.224
Viðskiptaskuldir .....	483.602	473.489
Aðrar skammtímaskuldir .....	740.506	961.708
	<u>1.986.040</u>	<u>2.088.421</u>

### 24. Fjárhagsleg áhættustýring

Íslandsþóstur stýrir fjármagni sínu þannig að það viðhaldi rekstrarhæfi sínu á sama tíma og það hámarkar arðsemi hagaðila með sem bestu jafnvægi á milli skulda og eigin fjár. Félaginu ber ekki að fylgja ytri reglum um lágmarks eiginfjárstöðu.

Stjórnendur félagsins fylgjast með og greina fjárhagslegar áhættur í rekstri. Aðferðir vegna áhættustýringar eru yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi félagsins. Eftirfarandi áhættur hafa verið greindar vegna fjármálagerninga.

#### Gangvirði

Óverulegur munur er á gangvirði og bókfærðu verði fjáreigna og fjárskulda.

#### Markaðsáhætta

Helstu áhættuþættir félagsins eru breytingar á gengi gjaldmiðla, vaxtabreytingar og verðbólga. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

#### Gjaldmiðlaáhætta

Hluti af fjáreignum og fjárskuldum félagsins er í erlendum gjaldmiðli, og ber félagið áhættu vegna breytinga á gengi viðkomandi gjaldmiðla gagnvart íslensku krónunni. Félagið reynir að lágmarka gjaldmiðlaáhættu í gegnum eftirlit með gengisþróun og með viðeigandi samsetningu fjáreigna og fjárskulda í helstu viðskiptagjaldmiðlum. Félagið ver sig að jafnaði ekki fyrir gjaldmiðlaáhættu.



## Skýringar

### 24. Fjárhagsleg áhættustýring, frh.

Hér að neðan eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar sem hafa áhrif á rekstur félagsins. Gengi þeirra og staða miðast við lokagengi tímabilsins.

31. desember 2023:	Gengi	Eignir	Skuldir	Hrein staða
EUR .....	150,5	48.177	117.512	(69.335)
NOK .....	13,4	0	118	(118)
SEK .....	13,6	0	585	(585)
DKK .....	20,2	0	1.845	(1.845)
USD .....	136,2	33	158.734	(158.702)
XDR .....	183,0	345.923	54.423	291.499
GBP .....	173,2	0	36.148	(36.148)
		<u>394.133</u>	<u>369.365</u>	<u>24.767</u>

31. desember 2022:	Gengi	Eignir	Skuldir	Hrein staða
EUR .....	151,5	82.924	54.780	28.145
NOK .....	14,4	41	235	(195)
SEK .....	13,6	0	851	(851)
DKK .....	20,4	0	9.058	(9.058)
USD .....	142,0	43.087	44.478	(1.391)
CAD .....	104,9	49	0	49
XDR .....	189,7	439.415	64.790	374.626
GBP .....	170,8	0	35.653	(35.653)
		<u>565.516</u>	<u>209.844</u>	<u>355.672</u>

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 5% og 10% hækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart viðkomandi myntum hefði á afkomu og eigið fé miðað við stöðu eigna og skulda í viðkomandi mynt á reikningsskiladegi. Í töflu hér að framan má sjá stöðu eigna og skulda í erlendum myntum sem næmnigreiningin tekur til. Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Greiningin tekur ekki tillit til skattaáhrifa og var unnin með sama hætti fyrir samanburðartímabilið. Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga í erlendri mynt er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart neðangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

Áhrif á afkomu og eigið fé:	31.12.2023		31.12.2022	
	5%	10%	5%	10%
EUR .....	(3.467)	(6.933)	1.407	2.814
NOK .....	(6)	(12)	(10)	(19)
SEK .....	(29)	(59)	(43)	(85)
DKK .....	(92)	(185)	(453)	(906)
USD .....	(7.935)	(15.870)	(70)	(139)
CAD .....	0	0	2	5
XDR .....	14.575	29.150	18.731	37.463
GBP .....	(1.783)	(3.615)	(1.783)	(3.565)
	<u>9.198</u>	<u>18.347</u>	<u>17.784</u>	<u>35.567</u>

# Skýringar

## 24. Fjárhagsleg áhættustýring, frh.

### Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðstreymi fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum. Vaxtaáhætta myndast þar sem langtímaskuldir félagsins bera óverðtryggða, breytilega vexti. Áhættunni er stjórnað með eftirliti með vaxtaþróun.

Vaxtakjör á lántökum félagsins koma fram í skýringu 19 fyrir langtímaskuldir. Allar vaxtaberandi skuldir félagsins, alls 761,9 millj. kr., bera breytilega óverðtryggða vexti (31. desember 2022: 653 millj. kr. breytilega óverðtryggða vexti).

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 50 og 100 punkta hækkun vaxta hefði á afkomu og eigið fé á reikningsskiladegi. Næmnigreiningin tekur til þeirra vaxtaberandi eigna og skulda sem bera breytilega vexti og miðast hún við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin endurspeglar þau áhrif sem koma fram í rekstrarreikningi og eigin fé án skattaáhrifa.

	31.12.2023		31.12.2022	
	50 pkt	100 pkt	50 pkt	100 pkt
Áhrif á afkomu og eigið fé .....	3.810	7.619	3.266	6.532

### Verðbólguáhætta

Vaxtaberandi skuldir að fjárhæð 761,9 millj. kr. eru óverðtryggðar á breytilegum vöxtum (31. desember 2022: 653 millj. kr. óverðtryggðar á breytilegum vöxtum) og hefur þróun neyslúvísitölu ekki bein áhrif á bókfærða stöðu skuldanna og sjóðstreymi tengt þeim, einungis breyting á óverðtryggðum vöxtum. Verðbólga fór úr 9,57% í árslok 2022 í 7,74% í árslok 2023 sem hefur þó haft lítil áhrif á óverðtryggða vexti vaxtaberandi skulda félagsins til lækkunar.

### Útlánaáhætta

Í útlánaáættu felst áhættan á því að mótaðilar félagsins geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, sem leiðir til þess að félagið tapar á fjármálagerningum sínum. Stjórnendur fylgjast reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast útlánaáættu og settar hafa verið útlánareglur hvað varðar samþykki og gjaldfresti nýrra viðskiptavina ásamt bankaábyrgðum til að lágmarka lánsáættu. Þær útlánareglur eru yfirfarnar reglulegar til að endurspeglar breyttar aðstæður mótaðila. Ekki er tekið tillit til undirliggjandi trygginga við mat á hámarksútlánaáættu.

Hámarksútlánaáætta er sundurliðuð hér að neðan:

	2023	2022
Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur, brúttó .....	301.172	334.481
Viðskiptakröfur, brúttó .....	990.453	1.193.363
Aðrar skammtímakröfur .....	209.285	133.908
Handbært fé .....	131.520	372.370
	<u>1.632.430</u>	<u>2.034.121</u>

## Skýringar

### 24. Fjárhagsleg áhættustýring, frh.

Töflurnar hér að neðan sýna bókfært verð fjáreigna eftir aldri (fjöldi daga fram yfir gjalddaga) og flokkun:

31. desember 2023:	Skuldabréfaeign og langtímakr.	Viðskiptakröfur	Aðrar skamm- tímakröfur	Samtals
Ógjaldfallið .....	301.172	966.140	164.606	1.431.919
1-30 daga .....		4.603		4.603
31-60 daga .....		2.830		2.830
> 61 daga .....		16.879		16.879
	301.172	990.453	164.606	1.456.231

  

31. desember 2022:	Skuldabréfaeign og langtímakr.	Viðskiptakröfur	Aðrar skamm- tímakröfur	Samtals
Ógjaldfallið .....	334.481	1.180.698	92.097	1.607.277
1-30 daga .....		11.591		11.591
31-60 daga .....		1.071		1.071
> 61 daga .....		3		3
	334.481	1.193.363	92.097	1.619.941

Félagið metur niðurfærslu viðskiptakrafna út frá líkum á því að vanefndir verði einhvern tíma á líftíma viðskiptakrafna. Viðskiptakröfum er skipt í aldursflokka og niðurfærsla áætluð fyrir hvern aldursflokk sem byggir á reynslu fyrri ára, mati stjórnenda og framtíðarhorfum í efnahagsumhverfi viðskiptavina. Það er álit stjórnenda félagsins að bókfært verð viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna endurspegli gangvirði þeirra.

#### Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er sú áhætta sem felst í því tapi sem félagið gæti orðið fyrir vegna þess að það geti ekki staðið við skuldbindingar sínar innan tilskilinna gjaldfresta. Stjórnendur fylgjast með lausafjárstöðu með greiningu á gjalddaga fjáreigna og skulda til að tryggja að félagið geti endurgreitt allar skuldir á gjalddaga. Reglulega er fylgst með stöðu lausafjár, þróun sem orðið hefur og hvaða áhrif staða markaða og framtíðarhorfur geta haft á félagið. Innheimta innlendra viðskiptakrafna hefur verið góð á árinu og vel fylgst með þróun á þeim. Niðurgreiðsla langtímalána hefur leitt til minni vaxtagjalda.

Skuldir 31. desember 2023:	Innan árs	2025	2026	2027 eða síðar	Samtals
Óvaxtaberandi .....	1.224.108				1.224.108
Breytil. vextir .....	23.496	254.814	23.496	460.126	761.931
Leiguskuldb. ....	83.405	70.498	70.498	488.471	712.872
	1.331.009	325.312	93.994	948.596	2.698.911

  

Skuldir 31. desember 2022:	Innan árs	2024	2025	2026 eða síðar	Samtals
Óvaxtaberandi .....	1.435.197				1.435.197
Breytil. vextir .....	27.699	27.699	27.699	570.128	653.224
Leiguskuldb. ....	84.654	77.369	65.341	518.042	745.406
	1.547.550	105.067	93.039	1.088.170	2.833.827

## Skýringar

### 25. Aðrar upplýsingar um rekstrarumhverfi

Póst- og fjarskiptastofnun útnefndi Íslandspóst alþjónustuveitanda með ákvörðun sinni nr. 13/2020 Útnefning Íslandspósts ohf. sem alþjónustuveitanda á sviði póstpjónustu um land allt, dags. 11. desember 2020. Ákvörðun þessi er tímabundin samkvæmt orðum hennar til allt að tíu ára. Á árinu 2020 hafði Íslandspóstur hins vegar starfað sem útnefndur alþjónustuveitandi á grundvelli bráðabirgðaákvörðunar Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 29/2019 Skylda Íslandspósts ohf. til að veita alþjónustu um land allt, dags. 11. desember 2019. Báðar ákvarðanir lögðu skyldu á félagið til þess að uppfylla alþjónustuloforð hinna nýju laga, á öllum landinu, í öllum flokkum alþjónustu, en þeir eru bréf; magnpóstur; pakkar upp að 10 kg; ábyrgðarsendingar; tryggðar sendingar og blindrasendingar upp að 2 kg.

### 26. Helstu reikningsskilaaðferðir

#### Skráning tekna

Tekjuskráning félagsins endurspeglar það gagngjald sem félagið væntir að fá vegna sölu á þjónustu og vöru til viðskiptavinar. Tekjur félagsins af samningum við viðskiptavini myndast einkum af sölu póstpjónustu sem felur meðal annars í sér dreifingu á bréfum, pökkum, fjölpósti og tilheyrandi þjónustu. Tekjur eru skráðar þegar samningskylda félagsins hefur verið uppfyllt. Þjónustutekjur eru eftir atvikum færðar á þeim tímapunkti þegar þjónustan hefur verið innt af hendi eða samhliða því sem þjónustan er veitt. Vörusala er skráð þegar yfirráð yfir seldri vöru flytjast yfir til kaupanda, sem er almennt við afhendingu vöru. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirfram innheimtar tekjur. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, eru færðar til eignar í efnahagsreikningi. Erlendar pósttekjur sem varða reikningsárið eru færðar til eignar sem langtímakröfur en um er að ræða kröfur á erlend póstfyrirtæki sem myndast við uppgjör viðskipta á póstsendingum á milli landa þá geta greiðslur vegna viðskiptanna borist allt að tveimur og hálfu ári eftir að krafa myndast.

#### Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

#### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum og arðstekjum. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum og eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendri mynt eru umreiknaðar miðað við gengi myntar í árslok og er áfallinn gengismunur færður í rekstrarreikning á meðal fjármagnsliða.

#### Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn nema þegar hann tengist liðum sem færðir eru beint á eigið fé, en þá er tekjuskatturinn færður á eigið fé. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn er miðaður við aðrar forsendur en reikningskil þeirra. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna tímabundins mismunar sem verður til við upphaflega skráningu viðskiptavildar.

Tekjuskattsinnæign er metin á reikningskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

## Skýringar

### 26. Reikningsskilaaðferðir (frh.)

#### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð þeirra samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand. Eftir upphaflega skráningu eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir á kostnaðarverði eða endurmetnu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar línulega af afskrifanlegri fjárhæð miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna og færðar í rekstrarreikning. Afskrifanleg fjárhæð er kostnaðarverð að frádregnu væntu hrakvirði. Lóðir og lönd eru ekki afskrifuð. Upplýsingar um afskriftarhlutföll eigna má finna í skýringu nr. 11.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna telst mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi, og er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem salan á sér stað.

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og hrakvirði eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef þörf krefur.

#### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir samstanda af hugbúnaði sem hefur takmarkaðan líftíma og eru færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaður vegna hugbúnaðar sem þróaður er innan félagsins er færður sem eign þegar félagið getur sýnt fram á áætlun sína og getu til að ljúka þróun hugbúnaðarins, að noktun hugbúnaðarins muni skapa efnahagslegan ávinning í framtíðinni og þegar félagið getur með áreiðanlegum hætti metið kostnaðinn við að ljúka þróunarvinnunni. Eignfærður kostnaður felur í sér allan kostnað sem beintengdur er þróun hugbúnaðarins. Kostnaður sem fellur til síðar vegna hugbúnaðar er aðeins eignfærður þegar hann eykur þann efnahagslega framtíðarávinning sem felst í þeirri tilteknu eign sem hann tengist. Allur annar kostnaður er gjaldfærður þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning meðal afskrifta á áætluðum nýtingartíma eignanna. Upplýsingar um áætlaðan nýtingartíma má finna í skýringu nr. 12.

#### Fjáreignir

Fjáreignir eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjáreignir eru ekki metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. Félagið skráir allar fjáreignir sínar á afskrifuðu kostnaðarverði.

Fjáreignir samstanda af langtímakröfum, skuldabréfum, viðskiptakröfum, skammtímakröfum að undanskildum fyrirframgreiddum kostnaði og afdráttarsköttum, eignarhlutum í öðrum félögum og handbæru fé.

Fjáreignir sem áætlað er að halda til gjalddaga og samningsbundið greiðsluflæði þeirra samstanda einungis af afborgunum af höfuðstól og vöxtum skal skrá á afskrifuðu kostnaðarverði nema gerningurinn sé skilgreiningur á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við gangvirðisheimildina. Slíkar eignir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru slíkar fjáreignir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun. Fjáreignir félagsins sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eru langtímakröfur, viðskiptakröfur, aðrar skammtímakröfur, eignarhlutar í öðrum félögum og kröfur á tengda aðila. Eignarhlutur í félögum, þar sem félagið á minna en 20% hlutafjár, eru færðir á kostnaðarverði sem talið er að endurspegli gangvirði. Arður frá þessum félögum eru færðar til tekna meðal fjármagnstekna þegar honum er úthlutað.

## Skýringar

### 26. Reikningsskilaaðferðir (frh.)

#### Virðisrýrnun fjáreigna

Virðisrýrnunarlíkan IFRS 9 byggir á væntu útlánatapi. Fjáreignir félagsins sem falla undir gildissvið virðisrýrnunarlíkansins eru langtímakröfur, viðskiptaköfur, aðrar skammtímakröfur (að undanskildum fyrirframgreiðslum og afdráttarsköttum), kröfur á tengda aðila og handbært fé.

Við mat á væntu útlánatapi fyrir viðskiptakröfur beitir félagið einfaldaðri nálgun. Sú nálgun gerir ráð fyrir að félagið meti niðurfærslu sem er jöfn væntu útlánatapi á líftíma viðskiptakrafnanna. Viðskiptakröfum félagsins er skipt niður í flokka eftir þeim fjölda daga sem þær eru komnar fram yfir gjalddaga. Við mat á föstu niðurfærsluhlutfalli fyrir hvern flokk er horft til tapaðra krafna félagsins í sögulegu samhengi, leiðréttri fyrir framtíðarvæntingum um efnahagslega þróun ef þörf er á. Sjá nánari umfjöllun um mat á væntu útlánatapi í skýringu nr. 24.

Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna. Fjáreign hefur rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir, sem hafa orðið, hafi áhrif á vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar og hægt er að meta virðisrýrnun með áreiðanlegum hætti. Félagið færir sértæka niðurfærslu á fjáreignir þar sem hlutlæg vísbending er um virðisrýrnun.

Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi. Virðisrýrnun er bakfærð ef hægt er að tengja bakfærsluna á hlutlægan hátt atburði sem átti sér stað eftir að virðisrýrnun var færð.

#### Birgðir

Birgðir eru færðar á kostnaðarverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist. Til kostnaðarverðs telst allur kostnaður við kaup auk alls kostnaðar við að koma birgðunum á núverandi stað og í núverandi ástand. Með dagverði er átt við áætlað söluverð að frádregnum áætluðum kostnaði við söluna.

#### Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

# Skýringar

## 26. Reikningsskilaaðferðir (frh.)

### Leigusamningar

Við upphaflega skráningu metur félagið hvort samningur teljist vera leigusamningur eða innihaldi leigusamning. Félagið skráir nýtingarrétt til eignar og samsvarandi leiguskuldbindingu vegna allra leigusamninga, nema skammtímaleigu (til skemmri tíma en 12 mánaða) og fyrir leigueignir með lágt virði, þar sem leigugreiðslur eru færðar línulega á meðal rekstrargjalda yfir leigutímann.

Leiguskuldbinding og nýtingarréttur af leigueign eru upphaflega metin á núvirði framtíðarleigugreiðslna. Leigugreiðslur eru núvirtar með innbyggðum vöxtum í samningi, eða ef þeir eru ekki aðgengilegir, með vöxtum af viðbótarlánsfé. Leiguskuldbinding samanstendur af föstum greiðslum auk breytilegra greiðslna vegna vísitölu, vænts hrakvirðis og kaupréttá á leigueignum ef líklegt er talið að þeir verði nýttir, og að frádregnum leiguhvötum. Leigugreiðslur skiptast í vaxtagjöld og greiðslur af höfuðstól sem koma til lækkunar á leiguskuldbindingu. Félagið endurmetur leiguskuldbindingu ef leigutímabil breytist, ef leigugreiðslur breytast vegna vísitölutengingar eða þegar breytingar eru gerðar á leigusamningi sem ekki leiða til þess að nýr leigusamningur er skráður.

Leigueignir eru afskrifaðar á því sem styttra reynist, líftíma leigusamnings eða leigueignar. Ef leigusamningur leiðir til eigendaskipta eða ef bókfært verð nýtingarréttar af leigueign felur í sér kauprétt á viðkomandi leigueign, þá er nýtingarrétturinn afskrifaður á líftíma leigueignarinnar. Nýtingarréttur vegna leigueignar er afskrifaður frá upphafsdegi leigusamnings. Breytilegar leigugreiðslur sem eru ekki vísitölutengdar eru ekki hluti af leiguskuldbindingu eða nýtingarrétti leigueignar, heldur gjaldfærðar á því tímabili sem þær falla til.

### Fjárskuldir

Fjárskuldir félagsins samanstanda af viðskiptaskuldum, öðrum skammtímaskuldum og skuldum við lánastofnanir. Aðrar fjárskuldir þar á meðal skuldir við lánastofnanir, eru upphaflega metnir á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði. Við síðara mat eru þær færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti. Félagið afskráir fjárskuldir eingöngu þegar skuldbinding vegna þeirra er ekki lengur til staðar.

# Óendurskoðaðir viðaukar

## Ófjárhagslegar upplýsingar

Íslandspóstur ohf. gegnir veigamiklu hlutverki í að tengja fólk, fyrirtæki og samfélög með því að miðla mikilvægum upplýsingum, gögnum og vörum um allt land. Fjöldi póstsendinga sem starfsfólk Íslandspósts handleikur hvern dag hleypur á tugi þúsunda. Þar að auki á Íslandspóstur traust samstarf við póstoffyrirtæki um allan heim sem tryggir þéttleika dreifikerfisins. Póstþjónusta gegnir mikilvægu hlutverki, ekki síst fyrir atvinnulíf, og er grundvöllur vefverslunar. Í stefnu Evrópusambandsins um stafrænan innri markað (e. Digital Single Market eða DSM) er lögð sérstök áhersla á að virk og áreiðanleg póstpjónusta sé forsenda virkrar vefverslunar milli landa.

## Samfélagsábyrgð

Íslandspóstur gerir sér grein fyrir samfélagslegri ábyrgð sinni og leggur ríka áherslu á jafnvægi milli umhverfismála, samfélagslegra þátta og stjórnarháttá. Sýn fyrirtækisins er að sjálfbærni verði samofin menningu Póstsins og hluti allrar ákvarðanatöku.

Kolefnisfótspor fyrirtækisins liggur að mestu leyti í sjálfum rekstrinum, þ.e. flokkun, flutningi og dreifingu pósts. Íslandspóstur fylgist því grannt með tækniþróun í samgöngumálum, orkuskiptum og innviðum og leitar tækifæra til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi sinni. Pósturinn hefur tengt starfsemi sína við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og valin hafa verið fimm kjörmarkmið sem Íslandspóstur vinnur sérstaklega að og vill með því leggja sitt lóð á vogarskálarnar í stærra samhengi. Pósturinn hefur stigið fyrstu skrefin í fjárfestingum í nýjum ökutækjum sem menga minna en eldri bílar í flota félagsins. Jafnframt hefur stefna verið sett um í fjárfestingar í ökutækjum sem ganga fyrir öðrum orkugjöfum en jarðefnaeldsneyti. Til margra ára hefur Pósturinn nýtt rafknúin hjól til bréfadreifingar til að minnka kolefnisfótspor póstpjónustu.

Íslandspóstur ohf. hefur farið í gegnum úttekt á áhættumati vegna aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka samkvæmt lögum nr. 140/2018 og vinnur samkvæmt því. Áhættumatið er tekið á þriggja ára fresti.

## Mannauður

Starfsfólk Íslandspósts er ein mikilvægasta auðlind félagsins. Lögð er áhersla á valdeflingu stjórnenda með námskeiðum og margvíslegum öðrum hætti. Jafnréttismál skipta miklu máli og við höfum skuldbundið okkur til áframhaldandi vegferðar í jafnréttisbaráttunni.

Árið 2023 störfuðu að meðaltali 614 starfsmenn Íslandspósti í 472 stöðugildum. Mikil áhersla er lögð á mánaðarlegar mannauðsmælingar og eftirfylgni með úrbótum sem þar koma fram en slíkt er til bóta bæði fyrir starfsfólk og fyrirtækið í heild. Markvisst er unnið að því að eyða út kynbundnum launamun en markmiðið er að hann sé 0%. Meðaltalslaunamunur 2023 var 0,14%, konum í hag. Pósturinn er með jafnlaunavottun sem gildir til ársins 2024.

## Siðferði, spilling, mútur og mannréttindi

Íslandspóstur virðir almenn mannréttindi, rétt allra til félagafrelsis og kjarasamninga. Áhersla er lögð á að verktakar fari eftir gildandi lögum hvað varðar allt starfsfólk þeirra, bæði launþega og undirverktaka.

Áhættustefna, innra eftirlit og mannauðsstefna taka á aðgerðum tengdum siðferði, spillingu, mannréttindum og mútum.



# Óendurskoðaðir viðaukar

## Sjálfbærni

Íslandspóstur tengir saman fólk, fyrirtæki og samfélög. Þjónusta hans felst í að taka á móti, flokka, flytja og afhenda póstsendingar eftir fjölbreyttum leiðum. Dreifikerfi hans nær til allra heimila og fyrirtækja landsins og um víða veröld. Í viðtæku dreifikerfi Íslandspósts eru fólgin mikil verðmæti en öflugir sameiginlegir innviðir fyrir póstdreifingu eru hagur fólks um allt land.

Íslandspóstur er opinbert hlutafélag sem á sér langa sögu. Hann starfar á samkeppnismarkaði fyrirtækja á þeim svæðum þar sem póstdreifing stendur undir sér eða á um 85% hluta landsins. Íslandspósti er jafnframt falið af stjórnvöldum að veita svokallaða alþjónustu á grundvelli laga um póstpjónustu. Mannauðurinn vegur þungt hjá Íslandspósti. Við viljum valdefla starfsfólk og fela því ábyrgð og verðug verkefni. Gildin okkar eru traust, vilji og framsækni.

Viðfangsefni Íslandspósts hafa breyst undanfarin ár. Bréfum fækkar ört og dreifing á pökkum er að verða burðarásinn í starfseminni með breyttum þörfum og óskum viðskiptavina. Samhliða þarf að grípa til áhrifaríkra aðgerða í umhverfis- og loftslagsmálum. Það kallar á nýsköpun og uppbyggingu innviða, nýjar tæknilausnir, fjölgun póstboxa og orkuskipti bílaflotans.

Í umbreytingarferlinu felst áhætta en um leið helstu tækifæri félagsins til framtíðar. Viðskiptavinurinn er í öndvegi en sýn Íslandspósts er að mæta viðskiptavininum þar sem hann er staddur – með sjálfbærni að leiðarljósi.

## Umgjörð sjálfbærnimála

Hjá Íslandspósti gegnir allt starfsfólk mikilvægu hlutverki við að tryggja ábyrga starfsemi félagsins. Forstjóri ásamt framkvæmdastjórn leiða þá vinnu. Á árinu var stofnað nýtt *sjálfbærniaráð* með fulltrúum allra sviða. Hlutverk sjálfbærniaráðs er að fjalla um sjálfbærni í starfsemi félagsins í viðtækum skilningi. Ráðið fundar reglulega og skilar tillögum til framkvæmdastjórnar sem tekur endanlegar ákvarðanir um verkefni og árherslur.

Fyrsta verkefni sjálfbærniaráðs var að vinna *tvöfaldri mikilvægisgreiningu* sem framkvæmdastjórn hafði áður lagt grunninn að, með aðstoð ráðgjafa. Mælt er fyrir um að upplýsingagjöf fyrirtækja skuli byggjast á slíkri greiningu í nýrri tilskipun ESB um sjálfbærniupplýsingagjöf (*Corporate Sustainability Reporting Directive, CSRD*) sem bíður innleiðingar hér á landi. Íslandspóstur hefur hafist handa við að undirbúa sjálfbærniupplýsingagjöf sem byggist á CSRD og framseldri reglugerð Framkvæmdastjórnar (ESB) 2023/2772 Evrópskir staðlar um sjálfbærniupplýsingagjöf (ESRS).

Samhliða skýrslunni birtir Íslandspóstur sjálfbærniuppgjör fyrir árið 2023 og er það sett fram samkvæmt UFS-leiðbeiningum Nasdaq eins og síðustu ár en þar er einnig vísir að upplýsingagjöf í samræmi við ákvæði CSRD og ESRS. Þá er í fyrsta sinn birtar upplýsingar samkvæmt flokkunarkerfi ESB (*EU Taxonomy*), sjá viðauka við skýrslu stjórnar.

## Hagaðilar

Litið var til helstu hagaðila Íslandspósts við mikilvægisgreininguna og hagaðilaggreiningu uppfærð. Við eigum daglega í fjölbreyttum samskiptum við mikilvægustu hagaðilana, viðskiptavini félagsins, starfsfólk, eiganda, birgja og samfélag.

*Viðskiptavinir* hafa hagsmuni af öruggri, hraðri, fjölbreyttri og góðri þjónustu. Þeir eiga dagleg samskipti við starfsfólk í framlínu, svo sem þjónustuver, söludeild, markaðsdeild, starfsfólk pósthúsa, bílstjóra og bréfbera. Samskiptin eru af fjölbreyttum toga, fara fram í eigin persónu, á samfélagsmiðlum, í símtölum, netspjalli og tölvupósti, á fundum, með heimsóknum, markpósti og markaðsviðburðum.

*Starfsfólk* væntir þess að vera treyst og falin ábyrgð, fá verðug verkefni, sanngjörn laun, góða vinnuaðstöðu og tækifæri til starfsþróunar. Mannauður og stjórnendur bera ábyrgð á að upplýsa, miðla, fræða, leita eftir afstöðu og auka helgun starfsfólks. Til þess er nýttur samskipta- og fræðsluvefurinn Lúðurinn, mánaðarlegar mannauðskannanir, starfsmannafundir, frammistöðusamtöl o.fl.

*Eigandinn* hefur sett eigandastefnu þar sem fram kemur að ríkið fari með eignarhald á Íslandspósti ohf. í þágu almannahagsmuna. Umsýsla ríkisins með eignarhaldi opinberra fyrirtækja á að stuðla að trausti og trúverðugleika, samkeppni, hagkvæmni í rekstri, samfélagslegum og umhverfislegum markmiðum stjórnvalda o.fl. Forstjóri og stjórn bera ábyrgð á samskiptum við ríkið.

**Birgjar** hafa hagsmuni af traustum rekstri Íslandspóst, hagkvæmum samningum sem báðir aðilar njóta góðs af, viðhaldi viðskiptasambands og góðum samskiptum. Stjórnendur og sérfræðingar sjá um samskiptin, á fundum, í tölvupósti og samtölum, þar sem þeir leita eftir tilboðum og upplýsingum, leggja fyrir birgjamat og vinna að samningsgerð og bera loks ábyrgð á að samningar séu uppfylltir.

**Samfélagið** hefur hagsmuni af góðum viðskiptaháttum, vandaðri þjónustu og traustum innviðum fyrir afhendingu, vinnslu og afhendingu sendinga og væntir þess að dreifikerfið nái til allra landsmanna og til og frá landinu – og Íslandspóstur styðji þannig byggð í landinu. Forstjóri ásamt markaðsdeild sjá um að miðla hvers kyns upplýsingum um starfsemi Íslandspóst og hlutverk hans, dreifikerfi, afhendingarleiðir og gjaldskrá, breytingar á starfsemi o.s.frv. í fjölmiðlum, á netinu, samfélagsmiðlum og víðar.

### Tvöföld mikilvægisgreining

Í tvöfaldri mikilvægisgreiningu eru annars vegar greind jákvæð og neikvæð **áhrif af** starfsemi Íslandspóst tengd tilteknum málefnum á fólk eða umhverfi, til skemmri eða lengri tíma, og hins vegar hversu **fjárhagslega mikilvæg** sömu málefni eru fyrir félagið. Greining á áhrifum af starfseminni og fjárhagslegt mikilvægi málefna eru svo nýtt til að **meta áhættu** þeim tengdri. Lögð var áhersla á að draga fram sjónarmið helstu hagaðila félagsins út frá ýmiss konar hagaðilasamskiptum og af því dregnar ályktanir um helstu áhrif, áhættur og tækifæri í starfseminni.

Mikilvægisgreiningin leiddi í ljós að eftirfarandi níu sjálfbærnimálefni teldust mikilvægust fyrir Íslandspóst og helstu hagaðila félagsins:

Umhverfisþættir	Félagslegir þættir	Stjórnarhættir
Innviðaupbygging	Fræðsla og þjálfun	Viðskiptahættir
Orkuskipti og loftslagsmál	Heilsa og öryggi	Upplýsingaöryggi
Hringrásarhagkerfið	Fjölbreytileiki	Samfélagshlutverk

Á næstu misserum er markmiðið að þróa mikilvægisgreininguna. Taka þarf frekara tillit til þess á hvaða málefni helstu hagaðilar félagsins leggja áherslu og dýpka mat á áhættu fyrir hvern mikilvægisþátt. Jafnframt þarf að vinna áfram að því að tengja mælikvarða og upplýsingagjöf við gagnapunkta ESRS.

### Alþjóðlegt sjálfbærnisamstarf póstoffyrirtækja

Í júlí 2023 gerðist Íslandspóstur aðili að alþjóðlegu sjálfbærnisamstarfi póstoffyrirtækja, IPC SMMS (**International Postal Corporation Sustainability Measurement & Management System**). Fyrirtækin setja sér meðal annars sameiginleg markmið um samdrátt í losun og hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í byggingum og bílafloata, sem samþykkt hafa verið af SBTi (**Science Based Targets initiative**). Þau eru jafnframt metin út frá því hve vel þau vinna með sjö tiltekin áherslusvið sjálfbærni og geta borið árangur sinn saman við árangur hinna. Áherslusvið samstarfsins eru að miklu leyti þau sömu og málefni sem metin voru mikilvægust í mikilvægisgreiningu Íslandspóst. Gögn og upplýsingagjöf hvers fyrirtækis eru endurskoðuð af PwC í Belgíu á tveggja til þriggja ára fresti.

### Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Íslandspóstur hefur skuldbundið sig til að vinna að fimm heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Það endurspeglast í mikilvægisgreiningunni þar sem mikilvægustu málefni tengjast beint og óbeint tilteknum heimsmarkmiðum.

Með þátttöku í sjálfbærnisamstarfi póstoffyrirtækja (IPC SMMS) bættust við tvö markmið að vinna að, nr. 8 Góð atvinna og hagnætur og 9 Nýsköpun og uppbygging. Þau ríma vel við mikilvægisgreiningu Íslandspóst.

## Umhverfisþættir

### Orkuskipti og loftslagsmál

#### *Orkuskipti bílaflotans 2030.*

Íslandspóstur hefur samþykkt umhverfis- og loftslagsstefnu ásamt aðgerðaáætlun sem er uppfærð jafnt og þétt, nú með tilliti til nýrrar löggjafar. Félagið vinnur markvisst gegn neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi sinni í því skyni að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Áhrifaríkasta leiðin til þess er að endurnýja bílaflotann með orkuskipti í huga. Við gerum okkur grein fyrir og mælum umhverfisáhrifin af starfsemi fyrirtækisins og miðlum upplýsingum um þau árlega.

Eitt stærsta verkefni Íslandspósts í loftslagsmálum eru orkuskipti bílaflotans. Séu rafhjól talin með gengu um 59% farartækja félagsins fyrir rafmagni eða metani árið 2023 og hækkaði hlutfallið um 10% frá fyrra ári. Notkun jarðefnaeldsneytis dróst saman um 11% í takt við það. Meðal annars eignaðist Íslandspóstur tvo 17 tonna rafmagnsflutningabíla frá Volvo, þá fyrstu sinnar tegundar hér á landi. Stórir flutningabílar fara mun lengri veg en sendibílar og hjól og horft er til þess hvort vetni verði nýtt til að knýja allra stærstu flutningabíla lengstu leiðirnar. Takmarkið er að orkuskiptum flotans verði lokið ekki síðar 2030 en margar breytur hafa áhrif, bæði fjármagn til reiðu, styrkir og stefna stjórnvalda, framboð, innviðaupbygging og tækniþróun.

### Innviðaupbygging

#### *Mætum áskorunum með hagkvæmum lausnum, nýsköpun og tækni.*

Með fækkun bréfa er dreifing á pökkum að verða burðarásinn í starfsemi Íslandspósts. Félagið vinnur að því að próa innviði sína í takt við ný og breytt verkefni, bæði dreifikerfi og tækniúhverfi, og beita til þess framsækni og nýsköpun.

Breytingar á starfsemi Íslandspósts kalla á nýjungar í þjónustu, öflugra tækniþróun og uppbyggingu dreifikerfisins. Pósthúsum hefur fækkað en sett voru upp fjölmörg ný póstbox á árinu og eru þau nú 90 alls, bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Markmiðið er að í öllum hverfum og sveitarfélögum séu póstbox svo að viðskiptavinir þurfi ekki að leita langt til sækja og senda pakkka, hvenær sem er sólarhringsins. Þétt net póstboxa auðveldar viðskiptavinum að ganga eða hjóla til að nálgast þjónustu Íslandspósts eða nýta ferðina á leið úr og í vinnu, skóla, verslanir og tómstundir.

### Hringrásarhagkerfið

#### *Drögum úr sóun og erum virkur þátttakandi í hringrásarhagkerfinu.*

Á undanförunum árum hefur Íslandspóstur dregið gríðarlega úr úrgangi af starfseminni og samhliða hefur flokkunarhlutfall hækkað svo um munar. Það er inngróið í menningu félagsins að nýta muni vel, gera við og endurnýta. Sem dæmi er gert við pósthjólina á verkstæði Íslandspósts og pósthúsin eru með skiptimarkað og deila með sér búnaði og tækjum þegar breytingar eru gerðar. Við viljum stíga stærri skref og taka þátt í hringrásarhagkerfinu, bjóða upp á umhverfisvænar umbúðir, vörur og þjónustu og flytja notaða muni aftur til framleiðenda og nýrra eigenda.

## Félagslegir þættir

Markmið mannauðsstefnu Íslandspósts er að laða að rétta fólkið með sterkri ímynd, að hvetjandi leiðtogar stuðli að vellíðan og starfsfólk haldi hvert öðru ábyrgu, tækifæri gefist til stöðugar starfsþróunar og við starfslok fari fram markviss yfirfærsla þekkingar. Mikil áhersla er lögð á reglulegar mannauðsmælingar en á árinu hlaut Íslandspóstur viðurkenninguna *Vinnustaður í fremstu röð* frá Moodup mannauðsmælingum.

### Heilsa og öryggi

#### *Með heilsu og öryggi að leiðarljósi tryggjum við að allt starfsfólk komi heilt heim í lok hvers vinnudags.*

Leiðarljós okkar er að móta gott starfsumhverfi sem stuðlar að ánægju og vellíðan starfsfólks. Markmiðið er jafnframt að skapa öryggismenningu þar sem áherslan er á vinnuvernd og heilsuefningu og stöðugt unnið að því markmiði. Öryggisstefnu fylgir aðgerðaáætlun sem uppfærð er reglulega. Starfsfólk Íslandspósts er stöðugt á ferðinni og fyrir hendi eru skýr viðmið og öryggiskröfur, t.d. eru lokanir Vegagerðarinnar skilyrðislaust virtar og bílstjórar fara ekki af stað ef vindur fer yfir tiltekin viðmið.

### Fræðsla og þjálfun

#### *Sköpum hvetjandi leiðtogamenningu þar sem tækifæri gefast til stöðugar starfsþróunar.*

Íslandspóstur leggur metnað sinn í að veita starfsfólki vandaða fræðslu og þjálfun. Áhersla er lögð á valdeflingu, leiðtogaþjálfun, liðsheild og endurgjöf og ýtt undir jákvætt viðhorf til starfseminnar. Við viljum auka meðvitund starfsfólks um umhverfismál og sjálfbærni og virkja það til að leggja sitt af mörkum.

## Fjölbreytileiki

*Einstaklingar með ólíkan bakgrunn auðga og styrkja starfsemina.*

Hjá Íslandspósti starfar fjölbreyttur hópur fólks af ýmsum þjóðernum, á öllum aldri, með ólíkan bakgrunn, fólk með skerta starfsgetu o.s.frv. Verkefni okkar er að öll njóti sín í vinnunni alla daga. Jafnréttismálin eru tekin föstum tókum og við horfum til þess að útvíkka jafnréttishugtakið og marka okkur stefnu um fjölbreytileika og inngildingingu. Mikilvægt er að hlusta á starfsfólk og fá það til að taka þátt í alls kyns verkefnum. Það styður bæði helgun starfsfólks og styrkir viðskiptasamband Íslandspósts við fjölbreyttan hóp landsmanna. Við leggjum áherslu á að útbúa vandað fræðsluefni á ensku fyrir starfsfólk og gera aðgengilegt á Lúðrinum. Að auki söfnum við gögnum, viðum að okkur þekkingu og miðlum til stjórnenda og starfsfólks til að auka skilning á mikilvægi fjölbreytileika og inngildingar.

## Stjórnarhættir

### Samfélagshlutverk

*Mætum viðskiptavininum þar sem hann er staddur með sjálfbærni að leiðarljósi.*

Hlutverk Íslandspósts er að tengja fólk, fyrirtæki og samfélög. Dreifikerfi hans nær til allra heimila og fyrirtækja landsins og um víða veröld, með tengingum við 192 lönd. Til að jafna aðstöðu fólks í dreifbýli þar sem pósthjónusta stendur ekki undir sér er Íslandspósti falið af stjórnvöldum að veita svokallaða alþjónustu. Kostnaður af alþjónustuhlutverkinu er greiddur af ríkinu. Svokallaðir landpóstar dreifa pósti í afskekktustu sveitunum og eru ýmist starfsmenn Íslandspósts eða verktakar. Á um 85% hluta landsins starfar félagið hins vegar á samkeppnismarkaði pósthlutningsfyrirtækja en þótt einkaréttur á bréfaútburði hafi verið afnuminn hafa önnur fyrirtæki ekki sótt inn á þann markað. Í dreifikerfi Íslandspósts eru fólgin mikil verðmæti því að öflugir sameiginlegir innviðir fyrir póstdreifingu eru hagr fólks um allt land.

### Upplýsingaöryggi

*Viðhöldum öryggi upplýsinga og tryggjum persónuvernd með öflugum ferlum og traustri meðhöndlun gagna.*

Rík áhersla er lögð á persónuvernd og upplýsinga- og veföryggismál hjá Íslandspósti. Við eigum í tíðum samskiptum við viðskiptavini og svikapóstur sem berst þegar fólk á sér einskis illis von getur valdið usla og tjóni. Íslandspóstur gerir sér grein fyrir þessari áhættu og hefur brugðist við með því að hvetja almenning til að vera á verði með ábendingum og leiðbeiningum á samfélagsmiðlum og heimasíðu. Ennig hefur verið gripið til ýmissa ráðstafana til að efla persónuvernd og styrkja upplýsingaöryggi hjá fyrirtækinu sem eðli málsins samkvæmt eru ekki tíundaðar nánar hér.

### Viðskiptahættir

*Stundum vistvæn innkaup og stuðlum að nýsköpun, seiglu og sjálfbærni í aðfangakeðjunni og stöndum við viðskiptaloforð.*

Íslandspóstur gerir sér grein fyrir mikilvægi þess að stunda ábyrga viðskiptahætti, bæði sem kaupandi og veitandi vöru og þjónustu. Viðskiptahættir voru metnir einn af mikilvægustu málaflokkunum sem við fáumst við og við leggjum áherslu á alla virðisreðjuna, sem og á ábyrgð Íslandspósts sem þátttakanda í viðskiptalífinu. Félagið leggur mikið upp úr ferlastjórnun og stöðugum umbótum, hefur sett sér gæðastefnu og gæðakerfið er vottað samkvæmt ISO 9001 staðlinum. Auk þess hlaut Íslandspóstur gæðavottun *Certificate of Excellence 2023* frá IPC International, alþjóðlegum samtökum pósthfyrirtækja.

# Óendurskoðaðir viðaukar

## Flokkunarkerfi 2023

### Upplýsingar um sjálfbærar fjárfestingar samkvæmt flokkunarkerfi ESB

Pósturinn birtir nú í fyrsta sinn upplýsingar og lykiltölur um flokkunarhæfa atvinnustarfsemi um starfsemi sína í samræmi við flokkunarkerfi ESB um sjálfbæra atvinnustarfsemi, sbr. lög um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar, nr. 25/2023. Sett eru fram gögn um hve hátt hlutfall af veltu fyrirtækisins, fjárfestingarútgjöldum og rekstrarútgjöldum fellur undir flokkunarkerfið (*taxonomy eligible*) og hve hátt hlutfall telst í samræmi við viðmið (*taxonomy aligned*).

Við útreikninga og mat var stuðst við leiðbeiningavef ESB. Pósturinn setur niðurstöðurnar fram með þeim fyrirvara, aðferðafræðin á eftir að slípast til og forsendur kunna að breytast. Ekki gátu allir birgjar sem leitað var til veitt nákvæmar upplýsingar sem staðfestu að fullu tæknileg viðmið laganna. Þar sem viðmiðin byggjast á lágmörkum/hámörkum sem bundin eru í lög er að sinni gengið út frá því að þær standist viðmiðin og gögn sett fram með fyrirvara. Áfram verður reynt að leita staðfestingar á því frá okkar birgjum.

### Hvað telst sjálfbær starfsemi?

Starfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu telst sjálfbær og í samræmi við kerfið ef hún leggur verulegt framlag til einhvers af sex umhverfismarkmiðum ESB og veldur ekki verulegu tjóni á einu eða fleiri hinna umhverfismarkmiðanna (*do-no-significant-harm* eða *DNSH*-viðmiða):

#### Sex umhverfismarkmið ESB

1. Mótvægisáðgerðir í loftslagsmálum
2. Aðlögun að loftslagsbreytingum
3. Sjálfbær nýting og verndun vatns og sjávarauðlinda
4. Umbreyting í hringrásarhagkerfi
5. Mengunarvarnir og eftirlit með mengun
6. Verndun og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa

Að auki þarf fyrirtækið að uppfylla lagakröfur um mannréttindi, félagsleg réttindi og vinnuskilyrði fólks, sem og kröfur um sanngjarna samkeppni og aðgerðir gegn spillingu.

### Hvaða starfsemi Póstsins telst flokkunarhæf?

Eftirfarandi starfsemi Póstsins reyndist falla undir mótvægisáðgerðir í loftslagsmálum og telst því hæf (*eligible* samkvæmt flokkunarkerfi ESB):

Flutningur á mótorkjólum (6.5), fólksbílum og léttum sendibílum. Pósturinn á og rekur farartæki til póstflutnings sem falla hér undir, ganga fyrir rafmagni og uppfylla útblástursstaðla ESB EURO 5 og 6.

Vöruflutningur á vegum (6.6). Pósturinn á og rekur flutningabíla sem falla hér undir, ganga fyrir rafmagni og uppfylla útblástursstaðla ESB EURO 6.

Uppsetning, viðhald og viðgerðir á hleðslustöðvum fyrir rafbíla við byggingar (7.3). Pósturinn hefur sett um hleðslustöðvar við byggingar sínar.

Mannauðurinn, langstærsta auðlind Póstsins, fellur ekki undir flokkunarkerfi ESB.

### Mat á hæfri starfsemi

Næsta skref var að nýta tæknileg viðmið til að meta hvort ofangreind starfsemi hefði nokkur verulega neikvæð umhverfisáhrif eða ylli verulegu tjóni samkvæmt öðrum umhverfismarkmiðum (*DNSH*-viðmiðum). Sem dæmi var leitað upplýsinga um hvort hávaðamengun hjólbarða umræddra bifreiða væri undir gefnum háámörkum og hvort endurvinnslu- og endurnýtingarhlutfall bifreiða væri yfir lögbundnum lágmörkum.

Loks var leitað staðfestingar á að starfsemi Póstsins uppfyllti lagakröfur um félagsleg réttindi og góða stjórnarhætti.

Eftirfarandi töflur sýna hlutfall af veltu Póstsins 2023, fjárfestingarútgjöldum og rekstrarútgjöldum sem falla undir flokkunarkerfið (*eligible*) og hlutfall sem einnig telst í samræmi við tæknileg viðmið (*aligned*).

# Óendurskoðaðir viðaukar

Tafla 1. Velta

Atvinnustarfsemi (1)	Kóði (2)	Samtals velta (3)	Hlutfall veltu (4)	Viðmið fyrir verulegt framlag						Veldur ekki verulegu tjóni (DNSH-viðmið)						Viðmið um félagalag réttindi og góða stjórnhætti (17)	Hlutfall sjálfbærrar starfsemi af heildarfjárfestingum 2023 (18)	Flokkur (styoðjandi starfsemi) (20)	Flokkur (umbreytandi starfsemi) (21)
				Mótvægisáðgerðir í loftsálgsmálum (5)	Aðlögun að loftsálgshreyfingum (6)	Vatn (7)	Mengun (8)	Hringrásarhagkerfi (9)	Liffræðileg fjölbreytni og visskerfi (10)	Mótvægisáðgerðir í loftsálgsmálum (11)	Aðlögun að loftsálgshreyfingum (12)	Vatn (13)	Mengun (14)	Hringrásarhagkerfi (15)	Liffræðileg fjölbreytni (16)				
Lýsing		Kr.	%	%	%	%	%	%	%	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	%	S	U
<b>A. SJÁLFBÆR ATVINNUSTARFSEMI</b>			<b>7%</b>																
<b>A.1. Sjálfbær atvinnustarfsemi (taxonomy-aligned)</b>																			
Vöruflutningar á vegum		89.904	1%	20%	0%	0%	0%	0%	0%		Já	Já	Já	Já	Já	Já	1%		U
Flutningar á rafhjólum		13.329	0%	20%	0%	0%	0%	0%	0%		Já	Já	Já	Já	Já	Já	0%		U
<b>Velta sjálfbærrar starfsemi (taxonomy-aligned) (A.1)</b>		<b>103.233</b>	<b>1%</b>	<b>0%</b>	<b>0%</b>	<b>0%</b>	<b>0%</b>	<b>0%</b>	<b>0%</b>	<b>Já</b>	<b>Já</b>	<b>Já</b>	<b>Já</b>	<b>Já</b>	<b>Já</b>	<b>Já</b>	<b>1%</b>	<b>0%</b>	<b>0%</b>
<b>A.2 Flokkunarhæf starfsemi sem ekki telst sjálfbær (ekki taxonomy-aligned)</b>																			
Vöruflutningar á vegum		309.698	6%																
<b>Velta flokkunarhæfrar starfsemi sem ekki telst sjálfbær (taxonomy-eligible en ekki taxonomy-aligned) (A.2)</b>		<b>309.698</b>	<b>6%</b>																
<b>Samtals (A.1+A.2)</b>		<b>412.931</b>	<b>7%</b>																
<b>B. ÓSJÁLFBÆR ATVINNUSTARFSEMI</b>																			
<b>Velta ósjálfbærrar starfsemi</b>		<b>6.696.072</b>	<b>93%</b>																
<b>Samtals (A+B)</b>		<b>7.109.004</b>	<b>100%</b>																

Tafla 2. Rekstrarkostnaður

Atvinnustarfsemi (1)	Kóði (2)	Samtals rekstrarkostnaður (3)	Hlutfall af rekstrarkostnaði (4)	Viðmið fyrir verulegt framlag						Veður ekki verulegu tjoni (DNSH- viðmið)							Viðmið um félagsleg réttindi og góða stjórnhætti (17)	Hlutfall sjálfbærrar starfsemi af heildar-fjárfestingum 2023 (18)	Flokkur (stýðjandi starfsemi) (20)	Flokkur (umbreytinga-starfsemi) (21)
				Mótvægisáðgerðir í loftslagsmálum (5)	Aðlögun að loftslagsbreytingum (6)	Vatn (7)	Mengun (8)	Hringrásarhagkerfi (9)	Liffræðileg fjölbreytni og vistkerfi (10)	Mótvægisáðgerðir í loftslagsmálum (11)	Aðlögun að loftslagsbreytingum (12)	Vatn (13)	Mengun (14)	Hringrásarhagkerfi (15)	Liffræðileg fjölbreytni (16)					
Lýsing		Kr.	%	%	%	%	%	%	%	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	%	S	U	
<b>A. SJÁLFBÆR ATVINNUSTARFSEMI</b>			<b>9%</b>																	
<b>A.1. Sjálfbær atvinnustarfsemi (taxonomy-aligned)</b>																				
Vöruflutningar á vegum (rekstrarkostnaður A)		71.397	1%	100%	0%	0%	0%	0%	0%		Já	Já	Já	Já	Já	Já	1%		U	
Flutningar á rafhjólum		30.228	0%	100%	0%	0%	0%	0%	0%		Já	Já	Já	Já	Já	Já	0%		U	
Rekstrarkostnaður við sjálfbæra atvinnustarfsemi (taxonomy-aligned) (A.1)		101.626	1%	1%	0%	0%	0%	0%	0%	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	1%	0%	0	
<b>A.2 Flokkunarhæf starfsemi sem ekki telst sjálfbær (ekki taxonomy-aligned)</b>																				
Vöruflutningar á vegum (rekstrarkostnaður B)		417.575	7%																	
Flutningar á rafhjólum		0	0%																	
Rekstrarkostnaður við flokkunarhæfa starfsemi sem ekki telst sjálfbær (taxonomy-eligible en ekki taxonomy-aligned) (A.2)		417.575	7%																	
Samtals (A.1+A.2)		519.200	9%																	
<b>B. ÓSJÁLFBÆR ATVINNUSTARFSEMI</b>																				
Rekstrarkostnaður ósjálfbærrar starfsemi		6.506.545	91%																	
Samtals (A+B)		7.025.745	100%																	

Tafla 3. Fjárfestingar

Atvinnustarfsemi (1)	Kóði (2)	Samtals fjárfestingar (3)	Hlutfall fjárfestinga (4)	Viðmið fyrir verulegt framlag						Veldur ekki verulegu tjóni (DNSH-viðmið)							Hlutfall sjálfbærrar starfsemi af heildar-fjárfestingum 2023 (18)	Flokkur (styðjandi starfsemi) (20)	Flokkur (umbreytinga-starfsemi) (21)
				Mótvægisáðgerðir í loftslagsmálum (5)	Ábætur á loftslagsbreytingum (6)	Vatn (7)	Mengun (8)	Hringrásarhagkerfi (9)	Liffræðileg fjölbreytni og visskerfi (10)	Mótvægisáðgerðir í loftslagsmálum (11)	Ábætur á loftslagsbreytingum (12)	Vatn (13)	Mengun (14)	Hringrásarhagkerfi (15)	Liffræðileg fjölbreytni (16)	Viðmið um félagsleg réttindi og góða stjórnarhætti (17)			
Lýsing		Kr.	%	%	%	%	%	%	%	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	%	S	U
<b>A. SJÁLFBÆR ATVINNUSTARFSEMI</b>			<b>81%</b>																
<b>A.1. Fjárfestingar í sjálfbærri atvinnustarfsemi (taxonomy-aligned)</b>																			
Vöruflutningar á vegum (fjárfestingar A)		184.241	26%	100%	0%	0%	0%	0%	0%		Já	Já	Já	Já	Já	Já	26%		U
Uppsetning á hleðslustöðvum		27.316	4%	100%	0%	0%	0%	0%	0%								4%		U
<b>Fjárfestingar í sjálfbærri atvinnustarfsemi (taxonomy-aligned) (A.1)</b>		<b>211.557</b>	<b>30%</b>	<b>30%</b>	<b>0%</b>	<b>0%</b>	<b>0%</b>	<b>0%</b>	<b>0%</b>	<b>Já</b>	<b>Já</b>	<b>Já</b>	<b>Já</b>	<b>Já</b>	<b>Já</b>	<b>Já</b>	<b>30%</b>	<b>0%</b>	<b>0%</b>
<b>A.2 Flokkunarhæf starfsemi sem ekki telst sjálfbær (ekki taxonomy-aligned)</b>																			
Vöruflutningar á vegum (fjárfestingar B)		154.990	48%																
Uppsetning á hleðslustöðvum		0	4%																
<b>Fjárfestingar í flokkunarhæfri starfsemi sem ekki telst sjálfbær (taxonomy-eligible en ekki taxonomy-aligned) (A.2)</b>		<b>154.990</b>	<b>51%</b>																
<b>Samtals (A.1+A.2)</b>		<b>366.547</b>	<b>81%</b>																
<b>B. ÓSJÁLFBÆR ATVINNUSTARFSEMI</b>																			
Fjárfestingar í ósjálfbærri starfsemi		346.786	19%																
<b>Samtals (A+B)</b>		<b>713.333</b>	<b>100%</b>																



Fullgild rafræn undirskrift

**AUÐUR BJÖRK GUÐMUNSDÓTTIR**

Kennitala: 150866-4059  
2024-02-26 11:33:05 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

**BALDVIN ÖRN ÓLASON**

Kennitala: 040987-2159  
2024-02-26 11:33:29 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

**GUÐNÝ HRUND KARLSDÓTTIR**

Kennitala: 220571-3869  
2024-02-26 11:27:47 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

**ÞÓRHILDUR ÓLÖF HELGADÓTTIR**

Kennitala: 020272-5899  
2024-02-26 11:28:13 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

**GÍSLI SIGURJÓN BRYNJÓLFSSON**

Kennitala: 070475-5969  
2024-02-26 11:28:37 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

**HALLDÓRA LÓA ÞORVALDSDÓTTIR**

Kennitala: 250681-3649  
2024-02-26 11:31:19 GMT  
Ástæða: Undirskrift